HALLDÓR 12

PONDUS 20



LÍFIÐ 26

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | MIÐVIKUDAGUR 01. FEBRÚAR 2023

Kvöldsólin seig með tilþrifum til viðar í gær aftan við fjallgarðinn á Reykjanesi og varpaði ævintýrum ljóma á himininn yfir nýbyggingum á Kársnesi í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÍÞRÓTTIR 16

LÍFIÐ 24

Sigga Vigga snýr aftur

MENNING 22

Ný vaxtahækkun er nú fyrirsjáanleg

MARKAÐURINN Áhrif útsalna dugðu ekki til að vega upp á móti gjaldskrárhækkunum hins opinbera í janúar.

Ársverðbólgan hækkaði úr 9,6 prósentum í desember í 9,9 prósent í janúar. Neytendasamtökin segja hækkunina að mestu til komna vegna hækkana á áfengi, bílum og búvöru, kostnaðarliðum sem ríkið stýrir verðinu á að verulegu leyti með álögum.

Aðalhagfræðingur Arion banka tekur í sama streng og telur nær víst að Seðlabankinn hækki stýrivexti í næstu viku. Samhljómur er meðal hagfræðinga í því efni. SJÁ SÍÐU 8

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

Kvartað undan eftirliti sem ríkið felur keppinautunum

Lítið endurskoðendafyrirtæki telur ótækt að ríkið útvisti gæðaeftirliti til stórra endurskoðendafyrirtækja sem fá aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum keppinauta og geti tekið reksturinn í gíslingu.

ser@frettabladid.is

SAMKEPPNISMÁL Ríkið útvistar opinberu eftirliti á endurskoðendafyrirtækjum til stórra fyrirtækja í sömu grein sem fá þannig opinbert vald til að leggja stein í götu keppinautar síns á markaði, hægja á rekstri hans og auka kostnað.

Þetta er meginstef í kvörtun lítils endurskoðendafyrirtækis á höfuðborgarsvæðinu til Samkeppnisstofnunar vegna framkvæmdar endurskoðendaráðs á gæðaeftirliti. Verklagið feli í sér „opinberar samkeppnishömlur sem séu í andstöðu við markmið samkeppnislaga.

> Sagt er þvert á lög að keppinautar fyrirtækja sinni eftirliti á þeim fyrir hönd ríkisins.

Endurskoðendaráð er opinber stjórnsýslunefnd sem sett var á fót eftir efnahagshrunið 2008 til að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og fyrirtæki þeirra ræki störf sín í samræmi við lög og siðareglur.

Í kvörtuninni segir að það sé þvert á lög um endurskoðendur að starfandi endurskoðendur skoði kollegana. Engu að síður útvisti endurskoðendaráð verkefninu til starfandi endurskoðenda. „Í því felst að keppinautar eru fengnir til þess að framkvæma gæðaeftirlit hjá hver öðrum fyrir tilstilli endurskoðendaráðs,“ eins og segir í kvörtuninni.

Gæðaeftirlitsmönnum, sem í reynd séu keppinautar þeirra sem sæta eftirliti, sé þannig í sjálfs vald sett að ákveða umfang þess hverju sinni og hvaða gögnum er óskað eftir frá þeim sem eftirliti sætir.

Endanlegur kostnaður ráðist svo af því einu hvernig keppinautarnir kjósa að afmarka skoðun sína. Tímagjaldið er nú 23.590 krónur sem litlar stofur greiða keppinautum sínum. ■

Ríkið brjóti á fólki hvern einasta dag

SKOÐUN Alla daga ársins brýtur íslenska réttarríkið mannréttindi á miklum fjölda fólks. Þetta skrifar Steinbergur Finnbogason lögmaður í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

> Brotavilji lögreglunnar er einbeittur, meðvirkni dómstólanna algjör.

Steinbergur Finnbogason, lögmaður

„Brotavilji lögreglunnar er einbeittur, meðvirkni dómstólanna algjör, þegjandi samþykki stjórnvalda æpandi og aðhald fjölmiðla ekkert," segir í greininni.

Steinbergur leggur út af skýrslu Amnesty International sem kemst að þeirri niðurstöðu að hér á landi sé einangrun gæsluvarðhaldsfanga beitt sem vísvitandi pyntingatæki.

SJÁ SÍÐUR 4 OG 13

Upp vegginn

Gabríela Einarsdóttir var meðal keppenda á úrslitakvöldinu í klifri á Reykjavíkurleikunum sem nú standa yfir. Þrátt fyrir að veðurguðirnir ólmuðust úti fyrir með hríðarbyl mætti fólk vel til að fylgjast með klifrinu enda er þetta í fyrsta skipti eftir Covid sem slíkt er í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Efling stefnir að víðtækari verkföllum

arnartomas@frettalbadid.is

KJARAMÁL Stéttarfélagið Efling kynnti í gær verkfallsboðanir sem samninganefnd félagsins samþykkti á mánudag. Boðanirnar taka annars vegar til hótelkeðjunnar Berjaya Hotels og hótelsins The Reykjavík Edition og hins vegar til starfa við vörubifreiðaakstur og olíudreifingu.

Atkvæðagreiðslur um þessar boðanir hefjast föstudaginn 3. febrúar og lýkur þriðjudaginn 7. febrúar, sama dag og þegar samþykkt verkfall á að hefjast hjá Íslandshótelum.

Samtök atvinnulífsins hafa stefnt Eflingu fyrir Félagsdóm vegna niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um verkfall. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir verkfallsboðunina ólögmæta þar sem miðlunartillaga frá ríkissáttasemjara sé óafgreidd.

Eflingarfólk gengur til héraðsdóms í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vika er nú liðin frá síðasta fundi Eflingar og SA þar sem ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilunum.

Hvorki náðist í Halldór Benjamín né Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formann Eflingar, í gærkvöldi. ■

Humarsúpa í Grindavík ein besta máltíðin í víðri veröld

Á lista ferðatímaritsins Condé Nast yfir bestu máltíðir sem rithöfundar tímaritsins brögðuðu á í fyrra má finna humarsúpu í Grindavík. Einn eigenda staðarins segir lykilatriði að gera mikið úr upplifuninni að af snæða við höfnina.

kristinnpall@frettabladid.is

GRINDAVÍK „Þetta kom okkur á óvart en er um leið gríðarlegur heiður að þeir hafi fundið okkur þarna í Grindavík enda Condé Nast tímarit sem einblínir á lúxusferðamennsku," segir Hilmar Sigurðsson, einn fjögurra eigenda Bryggjunnar í Grindavík.

Ferðatímaritið Condé Nast hefur sett humarsúpuna á Bryggjunni á lista sinn yfir bestu máltíðir í heimi. „Þarna er iðulega einblínt á tuttugu bestu hótel heims, tíu bestu strendur heims og slíkt," segir Hilmar til marks um hversu mikilvæg umsögn tímaritsins sé.

Í umsögn Condé Nast segir að ferðast þurfi um landið á meðan Íslandsdvöl standi yfir. Í Grindavík hafi blaðakonan fengið eina bestu humarsúpu sem hún hafi fengið á lífsleiðinni. Á köldum vetrardögum í New York verði henni trekk í trekk hugsað til veitingastaðarins.

„Við erum með eina af tuttugu bestu máltíðum heims samkvæmt síðunni og í hóp með mörgum af bestu veitingastöðum heims, veitingastöðum með Michelinstjörnur," segir Hilmar sem kveður íslenskt yfirbragð staðarins eiga stóran þátt í upplifuninni fyrir erlenda ferðamenn.

„Það er tenging við netagerðina og höfnina þaðan sem hráefnið kemur. Við erum ekki með marga rétti á matseðlinum en leggjum mikið upp úr að gera þetta vel og nostra við matinn á gamla mátann," útskýrir Hilmar.

Bryggjan í Grindavík hefur slegið í gegn hjá ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hilmar Sigurðsson, einn eigenda Bryggjunnar

Uppskriftin að humarsúpunni vinsælu á sér langa sögu að sögn veitingamannsins. Hún komi frá fyrrverandi eigendum veitingastaðarins, netagerðarbræðrunum sem áttu húsið og bryggjuna.

„Þeir voru búnir að þróa þessa uppskrift í mörg ár með heimamönnum og vanda vel til verka. Súpan er gerð alveg frá grunni, eftir ákveðinni aðferðafræði og allt soðið í langan tíma til að nostra við þetta. Það tekur auðvitað sinn tíma en við erum harðákveðnir í að halda í þessa uppskrift," segir Hilmar og bætir við að það sé til heimildarmynd um súpuna og bræðurna.

„Það var gerð bíómynd um bræðurna og súpuna sem var meðal annars sýnd á RÚV. Myndin er búin að fá viðurkenningar og hefur verið sýnd víða erlendis og fjallar um þessa súpu og tengslin við höfnina. Myndin á sinn þátt í vinsældum súpunnar og eftirspurninni," segir Hilmar. Flestir viðskiptavinirnir séu erlendir ferðamenn en að Íslendingar líti alltaf við inni á milli og þeir séu alltaf velkomnir.

„Við eigum von á um hundrað þúsund manns á veitingastaðinn þetta árið," segir Hilmar. „Maður heyrir af því að þetta sé orðið að skyldustoppi fyrir leiðsögumenn í ferðamannabransanum þegar þeir fara um Reykjanesskagann." ■

LÆGSTA VERÐIÐ

Á AKUREYRI

ER Á **MÝRARVEGI**

Á vettvangi skotárásinnar á Blönduósi í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Blönduósmálið er á lokametrunum

benediktarnar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Rannsókn á skotárás á Blönduósi í fyrra er á lokastigi að sögn Eyþórs Þorbergssonar, varasaksóknara hjá lögregluembættinu á Norðurlandi eystra.

„Það er alveg á endapunkti og líklega vika til hálfur mánuður eftir af rannsókninni," segir Eyþór.

Niðurstöður úr DNA-sýnum sem komu frá Sviþjóð liggja fyrir og búið er að þýða þær. Þegar niðurstöðunum var skilað til lögreglunnar á Norðurlandi eystra voru þær á sænsku og þurfti því að þýða þær.

Þó að rannsókninni sé að ljúka vill Eyþór ekki tjá sig um hvort gefnar verði út ákærur. Ákæruvaldið liggi hjá héraðssaksóknara. ■

Í þessu húsi á Ólafsfirði var maður stunginn til bana. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Tafir í rannsókn á Ólafsfjarðarmáli

benediktarnar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Nauðsynleg gögn vegna manndrápsins á Ólafsfirði hafa ekki skilað sér. Beðið er eftir niðurstöðum úr krufningu og frá DNA-sýnum.

Þetta staðfestir Eyþór Þorbergsson, varasaksóknari hjá lögregluembættinu á Norðurlandi eystra.

„Það kom í ljós að endanleg niðurstaða krufninganna var ekki komin. Þegar lík eru krufin eru tekin alls konar sýni sem þarf að rannsaka og það var ekki búið," segir Eyþór.

Þá segir Eyþór að niðurstöður úr DNA-sýnum sem tekin voru vegna rannsóknarinnar og send til Svíþjóðar, séu ekki komnar til baka. ■

Skoða hitun á flugstæðum á Keflavíkurflugvelli

gar@frettabladid.is

FLUGMÁL Isavia skoðar nú leiðir til að bæta vetraraðstöðuna fyrir farþegaþotur við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli.

Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn sem Fréttablaðið sendi fyrirtækinu vegna hrakninga fleiri hundruð farþega í óveðri á dögunum. Hluti af vandanum þá var gríðarmikil hálka á stæðum eftir að þotunum hafði verið ekið út af flugbrautinni.

„Það er ekki virkur búnaður með hita undir stæðum á vellinum," er svar Isavia við þeirri spurningu

> Verkfræðideild flugvallarins er hins vegar að skoða möguleika í þeim efnum.
>
> Úr svari Isavia til Fréttablaðsins

Þota rakst í landgang. MYND/AÐSEND

hvort rétt sé að á flughlöðunum við flugstöðina sé upphitunarbúnaður til að verjast hálku en að hann virki ekki sem skyldi.

„Verkfræðideild flugvallarins er hins vegar að skoða möguleika í þeim efnum og hefur til þess meðal annars leitað upplýsinga af alþjóðaflugvöllum erlendis," segir Isavia.

Þá spurði Fréttablaðið hvort verið gætu ranar – eða landgangar – við flugstöðina sem hægt væri að nota í meiri vindi en núverandi rana þannig að koma mætti farþegum frá borði við erfiðari skilyrði en nú sé hægt.

„Miðað við flugvélaflotann sem flýgur til Keflavíkurflugvallar í heild sinni þá eru þeir landgangar sem við notum nú, og aðrir með samskonar öryggisviðmið og þeir, landgangarnir sem við getum notað," segir í svari Isavia við þessari síðari spurningu. ■

Taki tillit til fatlaðs fólks í varðhaldi

Árni Múli Jónasson, formaður Þroskahjálpar, segir ekkert réttlæta einangrunarvist fatlaðra í gæsluvarðhaldi. Ný skýrsla Amnesty International kallar eftir því að látið verði af einangrunarvist barna og fatlaðra einstaklinga meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

lovisa@frettabladid.is

MANNRÉTTINDI Formaður Þroskahjálpar segir að samtökin taki undir kröfu mannréttindasamtakanna Amnesty International, um að látið verði af einangrunarvist fatlaðra einstaklinga í gæsluvarðhaldi.

Í nýrri skýrslu Amnesty er greint frá óhóflegri notkun einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi. Samtökin hvetja yfirvöld til að breyta verklagi og reglum og að einangrunarvist barna og fatlaðra einstaklinga verði alfarið bönnuð.

„Þessi skýrsla virkar trúverðug og kemur frá aðila sem nýtur virðingar og það er fullt tilefni til að taka hana alvarlega. Það er engin spurning um það í okkar huga," segir Árni Múli Jónasson, formaður Þroskahjálpar og lögmaður.

Hann segir skýrsluna áfellisdóm yfir réttarvörslukerfinu, lögreglunni, ákæruvaldi og fangelsismálayfirvöldum.

„Það er allt réttarvörslukerfið undir og þetta hlýtur að kalla á skoðun, bæði hjá réttarvörslukerfinu og dómsmálakerfinu, að tryggja að meginreglur réttarríkisins séu viðhafðar því það er margt þarna sem bendir til þess að svo sé ekki," segir Árni Múli.

Ítarlega er fjallað um það í skýrslunni hvaða áhrif það hefur á einstaklinga að vera í einangrun



Einangrunarvist er sögð geta leitt til þess að fangar segi meira við lögreglu en þeir hugðust gera. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég sé ekki hvernig það er réttlætanlegt að setja fatlaða einstaklinga í þessar aðstæður sem fylgja einangrunarvist.

Árni Múli Jónasson, formaður Þroskahjálpar

og hvaða áhrif það getur haft á þá ábyrgð sem þeir axla í þeim málum sem þeir eru grunaðir í.

Í skýrslunni segir einstaklingur sem var í einangrun að skorturinn á mannlegum samskiptum hafi valdið því að hann sagði meira en hann hafði ætlað sér við lögregluna. Þrátt fyrir að einangruninni sé ekki beint ætlað að þrýsta á játningu þá geri hún það óhjákvæmilega.

Árni Múli segir að sérstaklega út frá sjónarhorni fatlaðs fólks sé þetta alvarlegt. Hann bendir á að Ísland sé búið að fullgilda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem er að finna fjölmörg ákvæði sem hafa þýðingu í þessu samhengi.

„Um það hvernig eigi að standa að málum í réttarvörslukerfinu sem tekur tillit til fatlaðs fólks og laga sig að þörfum þess. Að það sé passað að einstaklingar með fötlun fái stuðning og þá vernd sem þeir eiga skilið og rétt á samkvæmt samningunum," segir Árni.

Að sögn Árna sér hann ekki hvað réttlæti að setja fatlaða einstaklinga í aðstæður sem fylgi einangrun.

„Og þá tala ég helst um einstaklinga með þroskahömlun, einhverfa og fólk með geðfatlanir, sem augljóslega er mjög berskjaldað og viðkvæmt fyrir því að vera sett í þessar aðstæður sem fylgja einangrunarvist, með því tilfinningalega og líkamlega álagi sem því fylgir. Við lítum á þetta sem mjög stórt mál," segir Árni.

Kveðst Árni bíða viðbragða dómsmálaráðuneytis og réttarvörslukerfisins við niðurstöðum skýrslunnar og ábendingum sem henni fylgja. ■

GUERLAIN

PARIS

ABEILLE ROYALE

NÝTT SERUM MEÐ TVÖFALDRI VIRKNI SEM ÞÉTTIR OG VIÐHELDUR

HÁÞRÓUÐ FLÖGNUNARÁHRIF
HVÍTT HUNANG & AHA

BIRTUSTIG HÚÐARINNAR EYKST UM 63% Á EINUM MÁNUÐI*

HÁÞRÓUÐ LYFTANDI ÁHRIF
FJÖLGERJAÐ HUNANG

HÚÐIN ÞÉTTIST UM 52% Á EINUM MÁNUÐI*

VIRKNI KOMIN FRÁ VÍSINDUM OG BÝFLUGUM

*Niðurstöður fengnar frá konum: sjálfsprófun 33 kvenna í Kína sem notuðu vöruna tvisvar á dag í einn mánuð.

Líffræðileg fjölbreytni forgangsmál

benediktarnar@frettabladid.is

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- og orkumálaráðherra

UMHVERFISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- og orkumálaráðherra, segir að Ísland geti gert betur þegar kemur að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlindarinnar. Innan við eitt prósent af hafsvæði Íslands telst vera hafverndarsvæði, en það ætti að vera minnst tíu prósent samkvæmt heimsmarkmiðum.

„Þetta er ekki bara á mínu borði, heldur líka matvælaráðherra. En ég held að aðalatriðið sé að við höfum almennt góða sögu að segja þegar kemur að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlindarinnar," segir Guðlaugur Þór, en ítrekar að það sé alltaf hægt að gera betur.

Megintilgangur verndarsvæða er að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika, endurheimt vistkerfa og sjálfbærri nýtingu.

„Það er auðvitað forgangsmál hjá okkur að líta til líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu eins og annars staðar. Til þess að setja það í samhengi þá eru mest áberandi mistökin sem Íslendingar hafa gert geirfuglinn. Við viljum ekki vera kynslóðin sem að bætir á þann lista," segir Guðlaugur.

Að hans sögn kemur Ísland vel út í þessum málum samanborið við mörg lönd. Ef litið er til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um hafverndarsvæði eru Íslendingar víðs fjarri því að uppfylla þau markmið, sem kveða á um að þjóðir skilgreini tíu prósent af hafsvæðum sínum sem verndarsvæði. Tímamörkin voru 2020.

„Ógnirnar sem steðja að líffræðilegri fjölbreytni eru mun fleiri heldur en menn kannski myndu ætla, meðal annars loftslagsbreytingar," segir Guðlaugur. ■

Björk lýsir Cornucopiu sem stafrænu leikhúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ísland er ekki á Evróputúr Bjarkar

kristinnhaukur@frettabladid.is

TÓNLIST Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir hefur tilkynnt stað og dagsetningar fyrir Cornucopiu Evróputúr sinn í haust. Björk gaf út plötuna Fossora í september, ellefu stúdíóplötuna, en Cornucopiu kallar Björk stafrænt leikhús.

Evróputúrinn hefst 1. september í Portúgal og endar 5. desember í Frakklandi. Á túrnum mun Björk koma fram í Tékklandi, Ítalíu, Spáni, Póllandi, Þýskalandi og Sviss. Í mars kemur hún hins vegar fram á sjö tónleikum í Ástralíu og Japan. Þá hefur verið tilkynnt að hún komi tvisvar fram á Coachella-hátíðinni í Kaliforníu í Bandaríkjunum í apríl, þar sem hún fer yfir þriggja áratuga efni.

Björk hefur sagst vilja setja Cornucopiu upp hér á Íslandi og það var á döfinni áður en Covid-faraldurinn skall á. Í viðtali við Morgunblaðið í september sagði hún að stefnan væri sett á 2023 en hins vegar bólar ekkert á því enn. ■

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1958

Framboð í trúnaðarstöður stjórnar FRV 2023

Í samræmi við 35. grein laga Félags rafeindavirkja (FRV), þá auglýsir stjórn og kjörstjórn FRV eftir framboðum í eftirtaldar stöður í stjórn FRV

- Varaformanni til tveggja ára.
- Gjaldkera til tveggja ára.
- Tveimur meðstjórnendum til tveggja ára.
- Þremur varamönnum til eins árs.
- Tveimur einstaklingum í trúnaðarráð til tveggja ára.
- Fjórum einstaklingum í vara-trúnaðarráð til eins árs.

Framboðsfrestur er til kl. 12:00 á hádegi, 22. febrúar 2023.

Tillögum skal skila til kjörstjórnar FRV á Stórhöfða 31. Reykjavík innan þess tíma.

Reykjavík 1. febrúar 2023

Stjórn Félags rafeindavirkja

Það kostar meira að hlýja kisa í Búðardal en á Flúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Enn mikill munur á verði orku þrátt fyrir aðgerðir

Rafmagns- og hitareikningurinn er mishár á landinu. Almennt séð standa Vestfirðir verst þar sem raforkuöryggi er lítið og hitaveita ekki til staðar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Orkukostnaður er rúmlega tvöfaldur á dýrasta stað landsins miðað við þann ódýrasta. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Byggðastofnunar. Í Grímsey, þar sem rafmagn og húshitun er knúin með dísilolíu, er orkukostnaður 140 fermetra viðmiðunarhúsnæðis 354 þúsund krónur á ári. Á Seltjarnarnesi er kostnaðurinn aðeins 157 þúsund krónur.

Orkukostnaður er mjög misjafn eftir landshlutum og hærri í dreifbýli en þéttbýli. Þó að kostnaðurinn sé lægstur á Seltjarnarnesi er höfuðborgarsvæðið í heild sinni þó ekki ódýrara en önnur. Til að mynda er kostnaðurinn lægri á Akureyri og Sauðárkróki en í Reykjavík og Kópavogi. Því er þetta ekki hefðbundið byggðamál þar sem hægt er að stilla höfuðborgarsvæðinu upp á móti landsbyggð.

Einn landshluti kemur áberandi verst út úr skýrslunni en það eru Vestfirðir. Á Vestfjörðum er hár dreifikostnaður, fáar og litlar virkjanir og húshitun aðallega rafhitun. Rafhitun er almennt dýrari en hitaveita. Orkukostnaður á Ísafirði, Bolungarvík, Flateyri og Suðureyri er 306 þúsund krónur á ári.

Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, kemur frá Flateyri. Hún segir ekki eðlilegt að svona mikill munur sé á orkukostnaði. „Orkan er sameiginleg auðlind okkar," segir hún.

Þrátt fyrir að munurinn sé enn þá svona mikill hefur töluvert verið gert á undanförnum tíu árum eða svo til að jafna stöðuna. Meðal annars með niðurgreiðslum á dreifi- og flutningskostnaði raforku sem og húshitunarkostnaði. Þá er undir vissum kringumstæðum hægt að fá styrki frá Orkustofnun til að setja upp varmadælur.

Halla telur að til að laga stöðuna á Vestfjörðum þurfi að halda áfram á þessari leið niðurgreiðslna. Einnig að halda áfram jarðhitaleit, en 200 milljónum króna var bætt við hana í fjárlögunum í haust. En málið snúist líka um raforkuöryggi. Byrja þurfi á að auka afhendingaröryggi raforkunnar því Vestfirðir séu ekki hringtengdir.

„Að hringtengja er stór og dýr framkvæmd. Það borgar sig að framleiða meira á Vestfjörðum. Hér eru eiginlega aðeins smávirkjanir," segir hún.

Hin umdeilda Hvalárvirkjun í Árneshreppi er enn þá í nýtingarflokki en framkvæmdir þar hafa stöðvast um ótilgreindan tíma. Annar kostur í umræðunni er við Flókalund í Vatnsfirði á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem aðstæður inn á dreifikerfið þykja góðar. Sá kostur er hins vegar ekki í rammaáætlun.

„Ef þessi virkjun rís eykst raforkuöryggið upp í 95 prósent á Vestfjörðum. Það myndi muna mjög miklu," segir Halla.

Í skýrslunni kemur fram að almennt er mun meiri verðmunur á húshitunarkostnaði en raforkukostnaði milli byggðarlaga. Hluti af því skýrist af aukinni samkeppni á raforkumarkaði. Þegar kemur að raforku er höfuðborgarsvæðið og Akranes ódýrasta svæðið með 81 þúsund króna árskostnaði fyrir viðmiðunarhúsnæðið fyrrnefnda. Þegar kemur að húshitun hagnast svæði almennt á því að vera nálægt heitum svæðum, svo sem Flúðir og Varmahlíð, á meðan fjölmennustu byggðarlögin eru fyrir miðju á listanum. ■

Orkukostnaður í nokkrum bæjarfélögum
Í þúsundum króna á ári fyrir 140 fermetra hús



Orkan er sameiginleg auðlind okkar.

Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins

Ódýrasta raforkan er á höfuðborgarsvæðinu en húshitun er víða dýrari á landsbyggðinni.

Páfagaukur af tegundinni sem varð lækninum að falli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Páfagaukur slasar taívanskan lækni

benediktboas@frettabladid.is

TAÍVAN Taívanskur maður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi og sektaður um hartnær 13 milljónir íslenskra króna eftir að páfagaukur hans slasaði lækni.

Samkvæmt Taiwan's Central News Agency fór læknirinn Lin úr mjaðmarlið og mjaðmagrindarbrotnaði eftir að hann datt af völdum fuglsins þegar hann var úti að skokka. Gaukurinn, sem er af Scarlet macaw tegund, er 40 sentimetra hár og með 60 sentimetra vænghaf og mat dómstóllinn það svo að eigandinn hefði átt að gera ráðstafanir enda ætti hann stórt gæludýr.

Lin mjaðmagrindarbrotnaði eftir viðkynningu sína við páfagauk og er enn dofinn.

Lin þurfti að fara á sjúkrahús og dvelja þar í viku. Hann sagði dómstólum að hann hefði ekki geta unnið í sex mánuði eftir slysið en hann er lýtalæknir og tjónið því mikið.

„Hann getur nú gengið, en ef hann stendur í langan tíma, þá er enn dofi," sagði lögfræðingur læknisins við TVBS News í Taívan.

Huang sagðist ætla að virða niðurstöðu dómstólsins en ætlar að áfrýja og heldur því fram að gaukurinn sé ekki árásargjarn og að bæturnar séu of háar. ■

Liddell er sökuð um að hafa stolið 11 þúsund pökkum af vængjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stal tugþúsundum kjúklingavængja

arnartomas@frettabladid.is

BANDARÍKIN Vera Liddell, fyrrverandi skólastarfsmaður í Chicago, hefur verið kærð fyrir stórfelld fjársvik á 19 mánaða tímabili.

Liddel er sögð hafa stolið meira en 11 þúsund pökkum af kjúklingavængjum og 1,5 milljónum Bandaríkjadala af skattfé almennings.

Saksóknarar halda því fram að Liddell hafi lagt fram hundruð óleyfilegra pantana á matvöru, einkum á kjúklingavængjum, til stærsta heildsala skólahverfisins.

Þá segja saksóknarar að Liddell hafi sótt matvælin á merktum vagni skólaumdæmisins en þau hafi aldrei ratað til skólanna. ■

Stoltenberg heimsækir Japan

Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, situr um borð í F-2A orrustuþotu japanska varnarliðsins á Iruma-flugvelli í Sayama. Hann hvatti til aukinnar samvinnu við Japan þar sem öryggishagsmunir landsins og NATO væru nátengdir. Áður bað hann Suður-Kóreu um að auka stuðning við Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Telja of seint að fara á eftirlaun 64 ára

Mótmæli hófust á ný í Frakklandi í gær þar sem mikil óánægja ríkir um áform Emmanuel Macron um að hækka eftirlaunaaldur. Frakklandsforsetinn segir breytingarnar nauðsynlegar.

arnartomas@frettabladid.is

FRAKKLAND Mótmæli fóru fram víða í Frakklandi í gær þar sem mikill fjöldi mótmælenda hélt á götur út. Átta stór stéttarfélög tóku þátt í mótmælunum þar sem almenningssamgöngur og skólastarfsemi var hindruð.

Mótmælin beinast gegn áformum Emmanuel Macron Frakklandsforseta um að hækka eftirlaunaaldurinn í Frakklandi úr 62 árum upp í 64.

Þótt verkalýðsfélögunum og lögreglu komi ekki saman um heildarfjölda mótmælenda virðast þau þó sammála um að hann sé hærri en þegar breytingunum var síðast mótmælt 19. janúar.

Skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti Frakka er andvígur breytingunum, en Macron virðist ekki ætla að haggast. Sagði hann meðal annars á mánudag að umbæturnar væru „nauðsynlegar til að tryggja lífeyriskerfið". Macron gerðu áður tilraun til að breyta kerfinu árið 2019 en hætti við þegar Covid skall á.

Hvar er félagslega réttlætið? spyr einn mótmælenda í París á skilti sínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þar sem Endurreisnarflokkur Macron hefur ekki meirihluta á franska þinginu mun forsetinn neyðast til að treysta á stuðning frá um sextíu þingmönnum Repúblikanaflokksins. Þar er ekki á vísan að róa því að þótt þeir séu margir hlynntir lífeyrisumbótum hafa sumir þingmannanna varað við því að þeir gætu greitt atkvæði gegn breytingunum.

Eftirlaunaaldur í Frakklandi var hækkaður 2010 úr 60 árum í 62.

Að sögn ríkisstjórnarinnar myndu breytingarnar á lífeyriskerfinu skila um 17,7 milljörðum evra til viðbótar í lífeyrisiðgjöld. Stéttarfélög hafa bent á að aðrar leiðir séu mögulegar til að afla tekna, svo sem að skattleggja hina ofurríku.

Eftirlaunaaldurinn var áður hækkaður árið 2010 þegar ríkisstjórn Nicolas Sarkozy, þáverandi Frakklandsforseta, lét hækka hann úr 60 árum upp í 62 ár.

Mörg af nágrannalöndum Frakklands hafa nú þegar hækkað eftirlaunaaldurinn sem er 67 ár á Ítalíu og í Þýskalandi, 66 ár í Bretlandi og 65 ár á Spáni. ■

Vilja ljúka gerð úthafssáttmála í mánuðinum

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra, Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, lögðu fram sameiginlegt minnisblað um afstöðu Íslands í viðræðum um nýjan úthafssáttmála Sameinuðu þjóðanna á ríkisstjórnarfundi 23. janúar.

Eins og sagði í Fréttablaðinu í fyrra hefur gengið erfiðlega að koma saman verndarsáttmála úthafanna (BBNJ). Umhverfissinnar saka Íslendinga og nokkrar aðrar þjóðir um að vilja halda fiskveiðum utan sáttmálans. Fimmta samningalotan fór fram í New York í ágúst en var frestað til 20. febrúar.

Samkvæmt svari ráðuneytanna til Fréttablaðsins segir að vonir standi til að samningar takist á þessum fundi. Ísland sé í svokölluðu metnaðarbandalagi og vilji hagnýtan og vandaðan samning sem fyrst.

„Þó að kjarnaatriðin í afstöðu Íslands séu enn óbreytt frá því viðræður hófust hefur nálgunin breyst í takt við þróun viðræðanna," segir í svarinu.

Langt er síðan Ísland hefur talað fyrir því að samningurinn taki ekki sérstaklega til fiskveiða.

Úr svari þriggja ráðuneyta

„Nú er orðið ljóst að BBNJ-samningurinn mun ekki snúa með beinum hætti að fiskveiðistjórnun, og þau málefni verða þar af leiðandi ekki til umræðu í komandi viðræðulotu. Langt er síðan Ísland hefur talað fyrir því að samningurinn taki ekki sérstaklega til fiskveiða."

Í ágúst hafi Ísland tekið þátt í gerð málamiðlunar um þann kafla sem líklegastur sé til að hafa áhrif á fiskveiðar, um svæðisbundnar ráðstafanir og verndarsvæði. „Sú málamiðlun nýtur breiðs stuðnings og er því stutt í að sá kafli sé í höfn með hætti sem Ísland sættir sig við." ■

Nær örugglega vaxtahækkun í næstu viku

Gjaldskrárhækkanir hins opinbera eiga mesta sök á því að verðbólga hækkaði mjög í janúar, þegar venjulega er verðhjöðnun vegna útsalna. Hagfræðingar búast við vaxtahækkun Seðlabankans í næstu viku.

olafur@frettabladid.is

Hagfræðingar telja nær víst að peningastefnunefnd undir forystu Ásgeirs Jónssonar muni hækka vexti í næstu viku.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,85 prósent í janúar, langt umfram það sem greiningardeildir bjuggust við, og hækkar ársverðbólgan úr 9,6 í 9,9 prósent milli mánaða.

Greiningardeildir höfðu spáð 0,2–0,5 prósenta hækkun vísitölunnar milli mánaða og misstu því algerlega marks að þessu sinni.

Neytendasamtökin lýstu á mánudag yfir gífurlegum vonbrigðum með aðgerðir stjórnvalda sem leiða til þeirrar miklu verðbólgu sem fréttir berast af í dag. „Aldrei þessu vant nær venjubundin lækkun verðbólgu vegna janúarútsala ekki að slá á hækkunina að neinu ráði. Hækkun verðbólgu í janúar er að mestu tilkomin vegna hækkana á búsi, bílum og búvörum. Þessi kostnaðarliðir eiga það sameiginlegt að hið opinbera stýrir verði þeirra að verulegu leyti með álögum. Því miður virðist það ganga eftir sem stjórn Neytendasamtakanna benti á í umsögn um fjárlagafrumvarpið, að krónutöluhækkanir gjalda ríkisins skila sér beint út í verðbólguna.

Stjórn Neytendasamtakanna segir stöðuna grafalvarlega og skorar á stjórnvöld að ganga á undan með góðu fordæmi og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr verðbólgu.

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhagfræðingur Arion banka, tekur í sama streng og Neytendasamtökin og segir stóran hluta þessarar hækkunar stafa af gjaldskrárhækkunum hins opinbera. „Janúarmælingin hefur þar af leiðandi ekki kúvent verðbólguhorfunum, þótt þær hafi lítillega versnað," segir Erna sem telur nokkuð víst að stýrivaxtahækkun fylgi í kjölfarið, en næsti vaxtaákvörðunardagur peningastefnunefndar Seðlabankans er eftir viku.

> Janúarmælingin hefur þar af leiðandi ekki kúvent verðbólguhorfunum, þótt þær hafi lítillega versnað.

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhagfræðingur Arion banka

Una Jónsdóttir, aðalhagfræðingur Landsbankans, segir það valda áhyggjum hversu almenn verðbólgan sé orðin, það er hve margir undirliðir vísitölunnar hækka verulega.

„Síðast þegar verðbólgan mældist jafn mikil og nú höfðu einungis 17 prósent undirliðanna hækkað um meira en 10 prósent. Núna er staðan slík að 27 prósent undirliða hafa hækkað meira en 10 prósent. Við sjáum framlag húsnæðis til verðbólgu aðeins dragast saman, enda hefur kólnun gert vart við sig á fasteignamarkaði, en á móti kemur gengisveiking og hækkanir á innfluttum vörum. Við sjáum að framlag innfluttra vara til verðbólgu hefur aukist á síðustu mánuðum," segir hún.

> Líkur á óbreyttum vöxtum og jafnvel lækkunum síðar á árinu fara dvínandi við þessar aðstæður.



Una Jónsdóttir, aðalhagfræðingur Landsbankans

> Hækkun verðbólgu í janúar er að mestu til komin vegna hækkana á búsi, bílum og búvörum. Þessi kostnaðarliðir eiga það sameiginlegt að hið opinbera stýrir verði þeirra að verulegu leyti með álögum.
>
> Neytendasamtökin

Una segir peningastefnunefnd Seðlabankans án efa munu líta til hærri versnandi verðbólguhorfa við næstu vaxtaákvörðun. „Líkur á óbreyttum vöxtum og jafnvel lækkunum síðar á árinu fara dvínandi við þessar aðstæður. Nefndin mun örugglega líta svo á að herða þurfi taumhaldið þegar verðbólga tekur sig upp með þessum hætti."

Erna Björg bendir á að þrátt fyrir að húsnæðisverð lækki milli mánaða hækki reiknuð húsaleiga sem er veigamikill þáttur vísitölu neysluverðs. Nú megi búast við vaxtahækkun Seðlabankans sem þýði að húsnæðisverð þurfi að lækka um um það bil 0,8 prósent milli mánaða til að framlag reiknaðrar húsaleigu verði hlutlaust. Arion banki gerir ráð fyrir því að reiknuð húsaleiga virki til hækkunar verðbólgu vísitölunnar á næstu mánuðum þrátt fyrir verðlækkanir á húsnæðismarkaði. ■

UTmessan í Hörpu opin almenningi á laugardaginn

olafur@frettabladid.is

Hægt er að bjástra við marg spennandi í Hörpu á UTmessunni á laugardaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

UTmessan verður haldin í Hörpu föstudaginn 3. febrúar. Þar verða afhent Upplýsingatækniverðlaun Skýs, heiðursverðlaun fyrir framúrskarandi framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Einnig verða afhent verðlaun í undirflokkum.

Á laugardaginn verður síðan opið hús allan daginn fyrir almenning. Meðal þess sem ber fyrir augu verður elsti tölvubúnaður á Íslandi, kannski í síðasta sinn.

Ekki er gefið upp hver eru tilnefnd til aðalverðlaunanna, Upplýsingatækniverðlauna Skýs. Þar var hægt að tilnefna einstakling, fyrirtæki eða verkefni sem hefur skarað fram úr á sviði upplýsingatækni, skapað verðmæti og auðgað líf Íslendinga með hagnýtingu á upplýsingatækni. Áhersla er lögð á að framlagið hafi þegar sannað sig með afgerandi hætti. Það er Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem afhendir verðlaunin í Eldborgarsal Hörpu.

Auk aðalverðlaunanna verða veitt verðlaun í fjórum undirflokkum.

Í flokknum UT-fyrirtækið 2022 eru tilnefnd fyrirtækin AwareGO, sem sérhæfir sig í mannlega þættinum þegar kemur að netöryggi, Gangverk, sem þróar lausnir fyrir fyrirtæki sem starfa á alþjóðamarkaði, og Kolibri, sem talið er standa framarlega þegar kemur að fyrirtækjamenningu og fjölbreytileika.

Í flokknum UT-Sprotinn 2022, sem er fyrir fyrirtæki sem hafa verið starfandi síðastliðin 1–6 ár og bjóða lausnir sem vakið hafa athygli, eru tilnefnd fyrirtækin indó sparisjóður, sem býður bankaþjónustu með lítilli yfirbyggingu, Smitten, sem er vinsælasta stefnumótaappið á Íslandi, og Snerpa Power, sem býður lausn fyrir stórnotendur (iðnað) á raforkumarkaði sem leiðir til bættrar nýtingar auðlinda og aukinnar samkeppnishæfni.

Í flokknum UT-Stafræna þjónustan 2022, sem ætlaður er lausnum sem skara fram úr og einfalda líf fólks, eru tilnefnd fyrirtækin CERT-IS, sem hefur tekið stór skref í að stuðla að bættu netöryggi og viðbragðsgetu innan íslenskrar netlögsögu, umferdin.is, sem er nýr vefur Vegagerðarinnar, gagnvirkur og á að auðvelda aðgengi vegfarenda að upplýsingum um færð á vegum, og Landspítalaapp fyrir sjúklinga, sem ætlað er að gefa sjúklingum betri innsýn í meðferðina, bæta upplifun þeirra og gera þeim kleift að taka virkan þátt í meðferð sinni.

Í flokknum UT-Fjölbreytileikafyrirmynd 2022, sem ætlað er að vekja athygli á því sem vel er gert og styðja fjölbreytileika og gott fordæmi, eru tilnefnd Ada Konur á Instagram, sem hvetur ungar konur til að sækja nám í tölvunarfræði, Guðrún Valdís Jónsdóttir, upplýsingaöryggisstjóri Syndis, sem er leiðandi sérfræðingur í öryggis- og tæknigeiranum hér á landi og erlendis, og Inga Björk Margrétar Björnsdóttir, sem hefur verið leiðandi í umræðu um stafræn aðgengismál og stafrænar hindranir sem fylgt geta þeirri öru þróun sem verið hefur í tæknigeiranum síðustu ár.

Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs og UTmessunnar, segir ánægjulegt að UT-messan verði nú aftur opin fyrir almenningi eftir tveggja ára hlé. „Við erum mjög spennt að geta leyft fólki að koma og sjá það sem er að gerast í tæknigeiranum á Íslandi núna á laugardaginn."

Hún segir spennuna skína úr andlitum gesta og þá sérstaklega ungu kynslóðarinnar við að komast í færi við alls kyns tól og tæki ásamt því að prófa sýndarveruleika og leika með lítil vélmenni. „Vísinda-Villi verður með þrjár sýningar í Eldborg þar sem hann gerir tilraunir, auk þess sem hægt er að fylgjast með Hönnunarkeppni HÍ. Boðið verður upp á að prófa rafíþróttir og foreldrar og börn geta fengið fræðslu um hvað rafíþróttir eru í raun og veru," segir Arnheiður.

Hún segir rúsínuna í pylsuendanum svo vera sýningu á elsta tölvubúnaði landsins, en sett hefur verið upp stórsýning á fjölda tækja, svo sem gataspjaldavélum, fyrsta snertibankanum og öðrum risatölvum og svo gæti farið að þessi tæki verði ekki aftur til sýnis þar sem engin söfn hafi áhuga á að taka við þessum dýrmæta og sögulega búnaði.

Um 50 tæknifyrirtæki verða með bása í Hörpu. Þar verða alls kyns þrautir og leikir sem draga fram hversu fjölbreyttur tæknigeirinn er, en eitt aðalmarkmið opna tæknidagsins er að sögn Arnheiðar að vekja áhuga fólks og hvetja unga sem aldna til að velja sér hann sem framtíðarvettvang, en viðvarandi skortur er á tæknifólki um allan heim.

> Við erum mjög spennt að geta leyft fólki að koma og sjá það sem er að gerast í tæknigeiranum á Íslandi núna á laugardaginn.

Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs og UTmessunnar

Tæknidagur UTmessunnar, sem opinn er öllum almenningi, er laugardaginn 4. febrúar klukkan 10–7 í Hörpu. Frítt er inn. ■

MARKAÐURINN

MARKAÐURINN

Í KVÖLD KL. 19.00 OG 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf
þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir
vikunnar ásamt því sem hæst ber í
efnahagslífinu hverju sinni.

markadurinn.is

HRINGBRAUT

Fljótandi hótel það nýjasta í ferðaþjónustu

Helgi Steinar Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Umhverfisvænir húsbátar voru til sýnis á Mid-Atlantic ráðstefnu Icelandair í síðustu viku. Bátarnir eru nú þegar komnir í notkun við Fjallsárlón og eru sagðir þola 50 stiga frost. Eigandi ferðaþjónustu við lónið segist horfa fram á gott sumar.

Húsbátarnir komu fyrst til landsins í fyrrasumar og gátu ferðamenn gist í þeim við Fjallsárlón. MYND/AÐSEND

Finnska ferðaþjónustufyrirtækið Aurora Hut hefur slegið í gegn á norrænum markaði með húsbáta sína. Bátarnir eru hátæknilega þróaðir, umhverfisvænir, að stórum hluta úr gleri og er hægt að koma þeim fyrir bæði á vatni og á þurru landi.

Húsbátar Aurora Hut voru meðal annars kynntir á Mid-Atlantic ráðstefnunni sem fór fram á vegum Icelandair í Laugardalshöll um síðustu helgi. Eliza Reid forsetafrú og Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, voru meðal þeirra sem virtu húsbátana fyrir sér.

Tomi Sipola, sölustjóri Aurora Hut, var staddur á ráðstefnunni þar sem hann sýndi áhugasömum gestum gistirýmið og svaraði spurningum þeirra.

„Hugmyndin er að fá æðislega upplifun hvar sem er og án þess að skaða umhverfið. Þú getur til dæmis séð norðurljósin á besta stað og þarft ekki að bora neitt eða setja upp neitt rafmagnskerfi. Jafnvel þótt það sé 50 stiga frost úti, þá er hlýtt hérna inni. Þú bara slakar á og nýtur náttúrunnar."

Húsbátarnir, (fljótandi hótelin) eru framleiddir í verksmiðju AuroraHut Oy í Ylivieska í Finnlandi og eru allir íhlutir keyptir af verktökum sem eru staðsettir eins nálægt verksmiðjunni og hægt er. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á umhverfisvernd og fylgir mjög ströngum reglugerðum þegar kemur að efnisflæði og meðhöndlun á úrgangi.

„Það að vera umhverfisvæn er mjög mikilvægt fyrir okkur. Hitakerfið er til dæmis knúið áfram með dísilolíu sem er búin til úr úrgangi. Við viljum passa að allt sem við gerum sé umhverfisvænt og þar að auki endurvinnanlegt," segir Tomi.

Húsbátarnir komu fyrst til landsins í fyrrasumar og hægt var að bóka 140 þúsund króna ævintýraferð sem innihélt siglingu um Fjallsárlón og gistingu í húsbátnum á lóninu sjálfu. Hátt verð á slíkri gistingu tengist ef til vill verðmiða bátsins, en einn Aurora Hut kostar í kringum 50 þúsund evrur.

Steinþór Arnarson, framkvæmdastjóri Fjallsárlóns ehf., sér um rekstur húsbátanna á Íslandi og segist vongóður fyrir komandi sumar. Hann sé þegar búinn að taka á móti nokkrum bókunum og er öruggur með staðsetninguna. „Talsmenn fyrirtækisins hafa heimsótt einhverjar hundrað staðsetningar þar sem þessir húsbátar eru og segja þeir að ég sé með bestu staðsetninguna sem þeir hafa séð," segir Steinþór.

Hann segist leggja mikla áherslu á að staðsetja húsbátana þar sem þeir eru ekki fyrir neinum og valda ekki neinni sjónmengun. „Bátarnir eru alltaf frekar vel faldir og svo þegar ég sigli mína leið meðfram lóninu þá verður maður varla var við þá."

Tomi og Steinþór viðhalda nánu samstarfi og virðast leggja áherslu á svipuð atriði þegar kemur að ferðaþjónustu. Húsbátarnir eru umhverfisvænir en engu að síður hlaðnir aukabúnaði svo sem þráðlausri nettengingu, eldhúsi og hljómkerfi.

„Það er meira að segja hola í miðjunni fyrir fiskveiðar og svo líka æðislegt hljómkerfi þannig að þú getur dorgað við rúmið á meðan þú hlustar á Elvis," segir Tomi. ■

Tomi Sipola, sölustjóri Aurora Hut

Steinþór Arnarsson, eigandi Fjallsárlóns ehf.

> **Allir íhlutir eru keyptir af verktökum sem eru staðsettir eins nálægt verksmiðjunni og hægt er.**

RAFMÓTORAR

SCANVER EHF
588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Flybe var eitt sinn stærsta innanlandsflugfélag í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Starfsfólk Flybe með öryggisnet

helgisteinar@frettabladid.is

Flugfélögin EasyJet og Ryanair hafa hvatt fyrrverandi starfsfólk Flybe til að sækja um vinnu hjá sér eftir að síðasttalda félagið varð gjaldþrota síðastliðinn laugardag. Flybe er nú farið á hausinn í annað skiptið og misstu rúmlega 280 manns vinnuna.

Ryanair auglýsti á vefsíðu sinni að lausar stöður væru í boði fyrir flugmenn, flugvirkja og flugvallarstarfsfólk. Að sama skapi hefur EasyJet sagt að 250 laus störf séu í boði í flugáhöfnum.

Margir fyrrverandi starfsmenn Flybe fóru í gegnum svipaða reynslu þegar félagið varð fyrst gjaldþrota í mars 2020, þegar kórónaveirufaraldurinn varð Flybe að falli. Fyrirtæki í eigu bandarísks fjárfestingarsjóðs kom svo Flybe til bjargar og tóku flugvélar félagsins aftur á loft í apríl 2022.

> **Kosturinn nú er sá að markaðurinn er mun líflegri en hann var.**
>
> Martin Chalk, formaður Samtaka breskra atvinnuflugmanna

Martin Chalk, formaður Samtaka breskra atvinnuflugmanna, segir skiljanlegt að fólk sé reitt og áhyggjufullt en bætir við að störf séu í boði og að aðstæðurnar hafi breyst mikið. „Kosturinn nú er sá að markaðurinn er mun líflegri en hann var, fyrst kórónaveirufaraldurinn er meira og minna í baksýnisspeglinum," segir Martin.

John Strickland og fleiri flugmálasérfræðingar hafa bent á að þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir flugferðum hafi Flybe einfaldlega ekki náð að halda sér á floti. Hörð samkeppni og hækkandi eldsneytisverð hafi verið stór vegartálmi fyrir flugfélagið sem skort hafi á sama tíma skýra og forsvaranlega viðskiptastefnu. ■

Tryggvi Björn Davíðsson og Haukur Skúlason, stofnendur indó. MYND/AÐSEND

Átta þúsund viðskiptavinir nú þegar komnir til indó

Nýr íslenskur sparisjóður sem rekinn er samkvæmt hagkvæmri áætlun býður viðskiptavinum upp á ódýrari bankaþjónustu. Einn af stofnendum sjóðsins segist vonast til að aðrir hefðbundnir bankar fari að bjóða sínum viðskiptavinum sambærileg kjör.

helgisteinar@frettabladid.is

Íslenski sparisjóðurinn indó var opnaður formlega í vikunni og er nú þegar kominn með rúmlega átta þúsund viðskiptavini. Indó var stofnaður af Hauki Skúlasyni og Tryggva Birni Davíðssyni með þann tilgang að bjóða fólki upp á öðruvísi bankastarfsemi á Íslandi.

Samkvæmt tilkynningu sem sparisjóðurinn sendi frá sér í vikunni mun indó bjóða upp á debetkortareikninga til að byrja með en aukin þjónusta mun svo bætast við í náinni framtíð. Viðskiptavinir indó geta þar með stundað öll helstu bankaviðskipti líkt og hjá öðrum bönkum um leið og reikningur þeirra er tilbúinn.

„Við erum bara öll pínu auðmjúk yfir því hversu vel þetta hefur gengið. Við erum búin að afnema biðlistann og nú geta allir náð í indóappið og stofnað reikning á einni mínútu," segir Haukur Skúlason, einn af stofnendum indó.

Haukur segist finna fyrir vilja innan samfélagsins til að breyta íslenskri bankastarfsemi. „Hlutirnir breytast ekkert af sjálfu sér þannig að við ákváðum bara að bretta upp ermarnar og breyttum þessu sjálf."

Einn helsti munur á indó og öðrum bönkum er sá að viðskiptavinir indó sleppa til dæmis við öll færslugjöld á debetkortafærslum sínum. Að sama skapi er ekkert gjaldeyrisálag eða önnur falin gjöld en allar innistæður viðskiptavina eru samt sem áður tryggðar upp að 100 þúsund evrum líkt og hjá öðrum bönkum á Íslandi.

„Það er ekkert gjaldeyrisálag sem er oft laumað inn og smurt ofan á þegar þú ert til dæmis að kaupa þér ís úti á Tenerife. Við kaupum gjaldeyrinn á ákveðnu gengi og við seljum hann svo til viðskiptavina okkar á nákvæmlega sama gengi," segir Haukur.

Spurður um það hvernig slík bankastarfsemi geti skilað hagnaði útskýrir Haukur að líta þurfi til tveggja meginþátta.

„Í fyrsta lagi eru hefðbundnir bankar með alls konar gjöld, en þeir eru líka með rosalega háan kostnað. Þetta eru fjölmennir vinnustaðir og það erum við ekki. Við erum 15 starfsmenn, ekki 1.500. Við þurfum ekki að flytja stuðlaberg yfir landið til að geta sett utan um húsið okkar. Við erum bara í leiguhúsnæði í Lágmúlanum og þannig náum við að halda þessum kostnaði niðri."

Haukur bætir við að sem útgefandi Visa-korta sé indó aðili að Visa International og fái þannig tekjur í gegnum veltu á hverri færslu.

„Þegar þú ferð út í búð og kaupir þér eitthvað þá fáum við tekjur af þeirri þóknun sem söluaðilinn greiðir til Visa. Það gerir það að verkum að okkar viðskiptavinir greiða ekki neitt til okkar, en við fáum samt sem áður tekjur af veltunni í gegnum Visa."

Indó segist vona að með þessum breytingum á markaðnum muni samkeppnisaðilar bregðast við með því að bjóða sambærileg kjör og fella niður færslugjöld. Haukur segir þessi gjöld fyrst og fremst vera ósanngjörn og að hans sögn er stefna indó sú að fólk eigi ekki að þurfa að borga fyrir það að nota launin sín. ■

> Við kaupum gjaldeyrinn á ákveðnu gengi og við seljum hann svo til viðskiptavina okkar á nákvæmlega sama gengi.
>
> Haukur Skúlason, einn stofnenda indó

Biden lokar á Huawei

helgisteinar@frettabladid.is

Bandaríska ríkisstjórnin hefur ákveðið að hætta að veita bandarískum fyrirtækjum leyfi til að flytja út vörur sem ætlaðar eru kínverska fyrirtækinu Huawei.

Kínverski tæknirisinn hefur undanfarin ár glímt við útflutningsbönn í tengslum við 5G-tækni og aðrar hátæknivörur, en sum bandarísk fyrirtæki hafa hingað til fengið undanþágur til að selja fyrirtækinu hluti eins og 4G-snjallsímakubba.

Mao Ning, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins, segir Kínverja mótfallna því að Bandaríkjamenn misnoti víðtækt hugtak þjóðaröryggis til að halda kínverskum fyrirtækjum í skefjum. Hann segir þessa ákvörðun bandarískra yfirvalda fara gegn meginreglum markaðskerfisins og brjóti gegn reglum um alþjóðaviðskipti.

Bandarískir embættismenn settu Huawei á svartan lista árið 2019 og þurftu þá flest bandarísk fyrirtæki að fá sérstakt leyfi til að geta selt vörur til Huawei. Sérfræðingar segja að ákvörðun Bidens endurspegli herta stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart Huawei og nálgun kínverskra fyrirtækja að erlendri tækni. ■

Huawei hefur verið á svörtum lista í Bandaríkjunum síðan 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Brexit hamlar flutningi á dýrum

helgisteinar@frettabladid.is

Dýragarðar í Bretlandi vara við því að Brexit muni hafa áhrif á æxlunartímabil vísunda, nashyrninga, apa og annarra dýra.

Fyrir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu voru rúmlega 1.400 dýr reglulega flutt á milli breskra dýragarða og evrópskra. Eftir Brexit hefur flókin pappírsvinna hins vegar orðið til þess að sá fjöldi dýra er núna kominn niður í 200.

Yfir 75 dýraverndunarhópar í Bretlandi hafa skrifað opið bréf til forsætisráðherra landsins og skorað á hann að finna lausn á vandamálinu. ■

Breskir nashyrningar verða einmana á komandi Valentínusardegi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferðir
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

Kontakt

kontakt@kontakt.is | 414 1200 |Ránargata 18, 101 Reykjavík

www.kontakt.is

Alvarlegt mál

Lovísa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

Samkvæmt nýrri skýrslu Amnesty International er einangrunarvist notuð óhóflega hér á landi meðan á gæsluvarðhaldi stendur. Á ellefu ára tímabili voru 825 í einangrun og af þeim voru tólf prósent, eða 99, í einangrun í meira en tvær vikur. Það er langur tími til að vera einn í klefa.

Íslenskur karlmaður sem vistaður var í einangrun í fyrra í sautján daga sagði það mannskemmandi að vera í einangrun. Hann sagðist ekki geta séð að einangrunin hefði haft úrslitaáhrif á það hvort hann myndi eða gæti spillt rannsóknarhagsmunum. Á Íslandi er það einmitt helsta ástæða þess að einstaklingar eru úrskurðaðir í einangrun. Til að gefa lögreglu tíma til að rannsaka mál án þess að sakborningur, sá grunaði, geti haft áhrif á rannsókn málsins.

Það er skiljanlegt, en Amnesty kallar þó eftir því í skýrslunni að það sé tekið til skoðunar á Íslandi hvort einangrunarvist sé alltaf nauðsynleg og við hvaða aðstæður þessu úrræði er beitt. Því það kemur líka fram í skýrslunni að vissulega sé oft um að ræða rannsókn á mjög alvarlegum glæpum en einnig sé fólk vistað í einangrun vegna smærri mála. Það er miður og það er alvarlegt því ef við ætlum að beita þessu úrræði hljótum við að vilja vera með skýr mörk um það við hvaða aðstæður er gripið til þessa úrræðis.

Þó svo að einangrunarvistin sjálf sé ekki flokkuð sem hrein og bein pynting segir lögmaður Amnesty að hún geti flokkast sem „önnur grimmileg, ómannleg eða vanvirðandi meðferð eða refsing“.

Óhófleg notkun á slíku hlýtur að vera eitthvað sem við viljum bæta úr en gallinn í skýrslu Amnesty er samt sá að engar aðrar lausnir eru lagðar til. Heldur er það lagt í hendur yfirvalda að finna lausnir. Það er brýnt að það sé gert og það sé þá á öllum stigum máls kannað hvaða úrbætur er hægt að gera.

Það sem manni finnst þó kannski alvarlegast við það sem kemur þarna fram er það að bæði börn og fatlað fólk eru ekki undanskilin slíkri vist. Samkvæmt skýrslunni voru tíu einstaklingar á aldrinum fimmtán til sautján ára í einangrunarvist á því ellefu ára tímabili sem skýrslan tekur til.

Þegar Amnesty leitaðist svo eftir því að fá upplýsingar um hversu margir voru með fötlun eða glímdu við andlega veikindi var fátt um svör. Upplýsingarnar ekki skráðar og ekki til. Það er kannski ekkert sem kemur á óvart en manni þykir það mjög miður þegar áhrif einangrunarvistarinnar, samkvæmt rannsóknum, eru mjög alvarlegar á andlega heilsu.

Málið er mjög alvarlegt og það er rík ástæða til þess að taka það sem kemur fram í skýrslunni alvarlega. ■

> Gallinn í skýrslu Amnesty er samt sá að engar aðrar lausnir eru lagðar til.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

arnartomas@frettabladid.is

Að njóta sannmælis

Veðurskilyrðin rigning hefur rokið upp á vinsældalistum Íslendinga yfir tegundir úrkomu á undanförnum dögum enda skolar hún göturnar af klakabrynju og snjósköflum og losar um fasta bíla. Þessum ávexti grámyglunnar er venjulega bölvað í sand og ösku en eftir þær ógöngur sem frændi rigningarinnar, snjórinn, framkallaði á síðustu mánuðum, þá er landinn himinlifandi yfir að fara í galla sem er polla en ekki kraft. Þótt það verði að teljast ólíklegt að við munum muna þennan greiða regnsins í vor og í sumar þá ætti regndansinn réttilega að vera Macarena næstu kynslóðar.

Fjöldahjálp á djamminu

Áður en rigningin kom til bjargar stóðu björgunarsveitir landsins í ströngu á mánudag við að koma strönduðum bílstjórum til aðstoðar víða um land. Á Kirkjubæjarklaustri var ástandið slíkt að opnuð var fjöldahjálparstöð til að koma fólki í skjól undan veðurhamnum sem lék lausum hala þar. Reykjavíkurborg mætti sennilega fara að huga að því að koma upp sambærilegri hjálparstöð í miðborginni fyrir strandað fólk sem ekki finnur leigubíl á djamminu um helgar og er að öllu jöfnu ekki í þeim fatnaði sem líklegastur þykir til að veita vörn gegn íslenskum vetrarhryssingi sem virðist ávallt koma mannskapnum í öldungis opna skjöldu. ■

Spretthóp um hag heimila

Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

> Það kom ekki fram í kynningu ríkisstjórnarinnar að það væru heimili landsins sem ættu að bera þungann af kostnaðinum við þann slag.

Ríkisstjórnin er iðin við að skipa nefndir. Nýir starfshópar og nefndir í stjórnartíð ríkisstjórnarflokkanna telja ekki tugi heldur hundruð. Þetta er enda hin fínasta leið til að fela innri ágreining stjórnarflokkanna og tryggja að málum sé drepið á dreif.

Í gær var greint frá því að verðbólgan hækkaði í janúar, ólíkt því sem hún gerir vanalega, þegar útsölur tempra hana alla jafna. Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar hækkaði ríkisstjórnin gjöld á almenning vel umfram verðbólgumarkmið Seðlabanka. „Hækkun verðbólgu í janúar er að mestu til komin vegna hækkana á búsi, bílum og búvörum. Þessi kostnaðarliðir eiga það sameiginlegt að hið opinbera stýrir verði þeirra að verulegu leyti með álögum,“ segir í harðorðri yfirlýsingu á síðu Neytendasamtakanna. Enn bólgnar báknið út, heimilin borga brúsann.

Hins vegar samþykkti stjórnarmeirihlutinn á Alþingi fjárlög fyrir 2023 sem auka enn frekar á skuldsetningu ríkissjóðs, kynna ný þensluhvetjandi útgjöld og eru alveg laus við nauðsynlegt aðhald hins opinbera. Ríkisstjórnin er bókstaflega að kveikja upp í verðbólgunni, sem er umtalsvert hærri en spár gerðu ráð fyrir. Verðbólgan í Evrópu, sem er keyrð áfram af háu orkuverði vegna stríðsreksturs Pútíns Rússlandsforseta er á niðurleið. Verðbólgan á Íslandi er enn á uppleið.

Þegar ríkisstjórnin kynnti síðustu fjárlög sín var það undir yfirskriftinni: Kaupmáttur varinn og unnið gegn verðbólgu í fjárlagafrumvarpi fyrir 2023. Það kom ekki fram í kynningu ríkisstjórnarinnar að það væru heimili landsins sem ættu að bera þungann af kostnaðinum við þann slag. Það virðist hins vegar vera að ganga eftir. Staða heimila landsins hefur ekki verið jafn erfið í lengri tíma. Matarkarfan hækkar að því er virðist í hvert sinn sem farið er í búð, eldsneytið hækkar og lánin hækka í stað þess að lækka. Heimilin hafa lítið val, þau geta ekki svo léttilega kosið að búa annars staðar, eða sleppt því að kaupa mat- og drykkjarvöru. Þau lifa bara við sérhannaðan veruleika verðbólgu, aukinna gjalda og hárra vaxta.

Orð ríkisstjórnarinnar um að hún hyggist verja kaupmátt hafa holan hljóm í þessu samhengi. Kannski væri nær fyrir ríkisstjórnina, fyrst hún er jafn hrifin af starfshópum og raun ber vitni, að setja á stofn vel valinn spretthóp um hagsmuni heimilanna. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Íslenskar pyntingar

Steinbergur Finnbogason
lögmaður

Enn eina ferðina er íslensk þjóð að fá alvarlega ofanígjöf erlendis frá fyrir að vera úr takti við almennt viðurkennd mannréttindi. Í þetta sinn – og langt í frá í fyrsta sinn – eru það lögregluyfirvöld og íslenskir dómstólar sem fá á baukinn og ekki verður annað séð en að bæði ríkisvaldið og hið svokallaða fjórða vald fjölmiðlanna hafi alla tíð sett kíkinn fyrir blinda augað. Amnesty International hefur að lokinni ítarlegri skoðun gefið út það álit sitt að á Íslandi sé einangrun í gæsluvarðhaldi beitt sem vísvitandi pyntingartæki. Það sem ekki er einungis látið viðgangast hér á landi heldur beinlínis stundað er t.d. með öllu bannað í Bretlandi og lágmarkað með öllum tiltækum ráðum í í öðrum viðmiðunarlöndum okkar. Hjá okkur, „góða fólkinu á Íslandi“, er hins vegar hefð fyrir því, nánast samofið lögreglumenningu okkar, að halda fólki í slíkri einangrun ekki bara dögum saman heldur oft og tíðum vikum eða jafnvel mánuðum saman.

Álitsgjöf Amnesty International um vinnubrögð lögreglunnar og sjálfvirkar undirtektir dómsvaldsins þegar um einangrunarvist gæsluvarðhaldsfanga er að ræða er enn eitt áfallið fyrir það góða og kærleiksríka samfélag sem við viljum ávallt trúa að við höfum byggt upp á Íslandi. Við hikum ekki við að úrskurða börn í einungrunarvist og af því að hér er ekkert kvennafangelsi eru konur látnar dúsa árum saman í fangelsi á Hólmsheiði við aðstæður sem jafnvel hörðustu karlar brotna undan á örfáum vikum. Við látum gæsluvarðhaldsfanga vera án nokkurs samneytis við fólk og án annars útsýnis en í besta falli eingöngu til himins svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir. Um er að ræða skýr mannréttindabrot skv. sáttmála Evrópusambandsins sem við höfum undirgengist án skilyrða en þverbrjótum margsinnis í hverjum mánuði. Brotavilji lögreglunnar er einbeittur, meðvirkni dómstólanna algjör, þegjandi samþykki stjórnvalda æpandi og aðhald fjölmiðla ekkert.

Pyntinganefnd Sameinuðu þjóðanna lokaði fangelsi okkar við Skólavörðustíg eftir að hafa margsinnis veitt okkur undanþágu. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ítrekað gert íslenska dómstóla afturreka með úrskurði sína. Lögreglan hefur aldrei látið sér segjast þegar hún hefur verið gagnrýnd fyrir harkalega framgöngu hvað gæsluvarðhaldsúrskurði varðar. Við vitum um þessar brotalamir en gerum ekkert í þeim. Hvenær breytist það?

Skýrsla Amnesty International er að mínu viti afar vönduð. Til viðbótar við að draga upp mynd af grafalvarlegu ástandi á Íslandi gerir hún líka góða grein fyrir því hve stór ákvörðun það er að taka frá fólki öll bjargráð með því að aftengja það með öllu frá samskiptum við annað fólk, aðgengi að hvers kyns fjölmiðlum, a.m.k. lágmarkstengingu við náttúru o.s.frv. Ýmis vægari úrræði eru til staðar ef verja þarf rannsóknarhagsmuni og er einnig gerð grein fyrir þeim í skýrslunni.

Í hnotskurn blasir það við að íslenska réttarríkið brýtur alla daga ársins mannréttindi á miklum fjölda fólks. Við göngum miklu harðar fram á ýmsum sviðum en nágrannaþjóðir okkar myndu nokkurn tíma líða. Við erum í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum langt á eftir mörgum þeirra samfélaga sem við viljum miða okkur við og teljum okkur jafnvel trú um að við stöndum jafnfætis. Svo er því miður ekki í þessu tilviki. Langt í frá. ■

Ásýnd Íslands og sérstaða

Ingibjörg Isaksen
fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis og þingflokksformaður Framsóknar

Milljónir manna um allan heim dreymir um að ferðast til Íslands. Orðspor landsins hefur dreifst um allar heimsálfur og er náttúra landsins og menningarminjar eitt helsta aðdráttarafl ferðaþjónustunnar. Ferðamönnum hefur fjölgað hratt síðustu árin og ferðaþjónustan hefur náð þeim stað að verða ein af okkar stærstu atvinnugreinum. Þá er Ísland í þeirri stöðu umfram margar aðrar þjóðir að ferðaþjónustan er aftur komin á fullt skrið eftir heimsfaraldur. Því má meðal annars þakka aðgerðum stjórnvalda við heimsfaraldri Covid-19 en einnig seiglu og dugnaði þeirra fyrirtækja og starfsmanna sem hér starfa. Ferðaþjónusta á Íslandi hefur öll tækifæri til þess að halda áfram að vaxa og dafna en aðeins ef rétt er staðið að málum.

En hvað með íslenskuna?

Í allri umræðu um náttúru landsins og uppbyggingu ferðamannastaða megum við þó ekki gleyma einu af okkar aðalsmerkjum, íslenskunni, en Ísland er áhugavert land m.a. vegna hennar. Ef við glötum íslenskunni mun bæði hljómur og ásýnd landsins breytast. Því miður hefur það verið tilhneiging síðustu ár að enskan hafi tekið yfir sem tungumál ferðaþjónustunnar. Æ fleiri fyrirtæki bera ensk nöfn og enskuvæðing á skiltum víðs vegar um land er orðin mjög áberandi. Hér þarf sameiginlegt átak stjórnvalda, sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila til að færa þróunina til betri vegar. Leyfum ferðamönnum að sjá og lesa íslenskuna, það er upplifun til jafns við náttúru og menningu landsins.

Trú á verkefnum og fjárfestingar

Víða um land er kallað eftir aukinni fjárfestingu, sér í lagi á landsbyggðinni. Á sama tíma er takmarkað aðgengi að lánveitingum til fjárfestinga í ferðaþjónustu, sem er áhyggjuefni og mikilvægt að bregðast við með einhverjum hætti. Þörf er á gistirýmum í hærri gæðum og seglum á svæði, t.d. fyrir austan og vestan og ljóst er að ekki er hægt að ráðast í slíkt án fjármagns. Fjárfestar verða að hafa trú á verkefnum og því þarf að tryggja með betri hætti nýtingu um allt land, allt árið um kring.

Gjaldtaka

Þá kallar fjölgun ferðamanna á aðgerðir af okkar hálfu, sér í lagi ef við ætlum að ná markmiðum okkar um ferðaþjónustu á landsbyggðinni allt árið um kring. Framlög til ferðaþjónustunnar eru ekki há í samanburði við margar aðrar greinar, þrátt fyrir að hér sé um að ræða eina af okkar mikilvægustu atvinnugreinum. Við þurfum að gæta þess að náttúra landsins, auðlind ferðaþjónustunnar, verði ekki fyrir of miklum ágangi og tapi þannig sérstöðu sinni. Það er því óumflýjanlegt, ef við ætlum að byggja hér upp af meiri gæðum til framtíðar, að taka umræðu um gjaldtöku í ferðaþjónustu af meiri festu. Á sama tíma er þó mikilvægt að gera það í samráði við alla hagaðila og gæta þess að ferðaþjónustan hafi gott svigrúm til þess að koma auknum gjöldum inn í verðskrár enda eru þær ákvarðaðar langt fram í tímann. Með góðum innviðum og áhugaverðum seglum bætum við sérstöðu okkar og um leið sérstöðu landsins. Þannig tryggjum við betur ásýnd og framtíð ferðaþjónustu á Íslandi. ■

Álagning fasteignagjalda 2023

Upphafsálagningu fasteignagjalda í Bláskógabyggð er nú lokið fyrir árið 2023

Sveitarfélagið Bláskógabyggð hefur lokið upphafsálagninu vegna ársins 2023. Álagningarseðlar eru ekki sendir út í bréfapósti en hægt er að nálgast þá á heimasíðunni www.island.is en þar eru þeir aðgengilegir í pósthólfi á „Mínar síður“. Innskráning á „Mínar síður“ er með rafrænum skilríkjum.

Greiðsluseðlar eru ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað en kröfur vegna fasteignagjalda koma inn í heimabanka viðkomandi gjaldanda og birtast þar.

Allar nánari upplýsingar um álagningarreglur Bláskógabyggðar má f inna inni á heimasíðu Bláskógabyggðar, www.blaskogabyggd.is. Eldri borgurum og öryrkjum með lögheimili í Bláskógabyggð er sérstaklega bent á að skoða sinn rétt varðandi afslátt af fasteignagjöldum og bent á að kynna sér samþykkt um tekjuviðmið, sem er um afsláttarreglur.

Þeim sem óska frekari upplýsinga um álagninguna er bent á að hafa samband við **Sigríði Emilíu Eiríksdóttur**, skrifstofu Bláskógabyggðar í síma: 480-3000 (mánudaga – fimmtudaga frá kl. 9 -12 og 13 – 15 en föstudaga frá kl. 9 – 12, eða í netfang: **emma@blaskogabyggd.is**.

Bláskógabyggð

Rauð viðvörun fyrir heimilin

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
þingmaður Viðreisnar í fjárlaganefnd

Árið 2023 gengur í garð með verðbólgu og vetrarhörkum. Verðbólgan er komin í 9,9% og fólk finnur fyrir því. Matarinnkaup fjölskyldunnar eru dýrari, bensín hækkar og fasteignalánið sömuleiðis. Veðrið er á sama tíma ofsalegt og Veðurstofan dælir út gulum, appelsínugulum og jafnvel rauðum viðvörunum. Fólkið í landinu hlustar á aðvörunarorð veðurfræðinga og hagar sér í samræmi við ráðgjöf þeirra.

Verðbólga í kortunum

Lögmál verðbólgunnar eru ekki þau sömu og gilda um veðrið. Það er ekki hægt að breyta veðrinu í vetur en ríkisstjórnin getur haft raunveruleg áhrif á það hvernig verðbólgan þróast – og þannig dempað verðhækkanir og vaxtahækkanir. Hlutverk ríkisstjórnarinnar er annað og meira en bara að vara við. Það er gert með því að haga bókhaldi ríkisins þannig að Seðlabankinn þurfi ekki að halda sama blaðamannafundinn aftur og aftur um endurteknar vaxtahækkanir.

Vandamálið er bara að fjármálaráðherra landsins beitir ríkisfjármálunum þannig að þau vinna gegn viðleitni Seðlabankans til að dempa verðbólgu. Neytendasamtökin lýstu þessum veruleika ágætlega í vikunni þegar þau bentu á að janúarútsölur hafi ekki náð að draga úr verðbólgu að neinu ráði í ár. Það er vegna þess að gjaldahækkanir í boði ríkisstjórnarinnar sjálfrar eru stór þáttur í því að verðbólgan hækkar aftur núna í byrjun árs. Hækkanir á áfengisgjaldi, bensíngjaldi og hækkun á búvöru blasir við. Það eru útgjaldaliðir sem hið opinbera stjórnar ásamt fjölmörgum öðrum hækkunum.

Neytendasamtökin vöruðu ríkisstjórnarflokkanna við þessum áhrifum þegar fjárlagafrumvarpið var til umræðu á Alþingi í haust. Neytendasamtökin voru þar í hópi með BHM, Samtökum atvinnulífsins og ASÍ. Þessir aðilar sendu ýmist frá sér voru gular, appelsínugular og rauðar viðvaranir um áhrif þessara gjaldahækkana hins opinbera á verðbólgu. Á viðvaranir þessara aðila var ekki hlustað, ekki frekar en okkur í Viðreisn sem vöruðum við því sama.

Óvissustig almannavarna

Þegar ríkisstjórnin stendur ekki vaktina og beitir fjármálum ríkisins gegn verðbólgunni eru heimili landsins dæmd til að bera kostnaðinn í formi endurtekinna vaxtahækkana. Þess vegna skiptir það heimili og fyrirtæki landsins öllu að stjórnvöld geri sitt til að halda verðbólgu í skefjum. Skoðum dæmisögu af fjölskyldu: Vorið 2021 voru útgjöld þessarar fjölskyldu um 180.000 krónur á mánuði af fasteignaláni. Fjölskyldan er með 50 milljón króna óverðtryggt lán til 40 ára, á breytilegum vöxtum. Í dag er veruleiki þessarar fjölskyldu sá að afborgun á láninu er um 330 þúsund kr. á mánuði. Mánaðarlegur kostnaður fjölskyldunnar vegna lánsins hefur aukist um 150 þúsund krónur. Það blasir við að þetta er þungt högg – og í einhverjum tilvikum umfram það sem heimilið ræður við.

Verðbólguhækkun í byrjun árs 2023 er ekki óvænt óveður. Hún er einfaldlega í boði stjórnvalda. Krónutöluhækkanir gjalda ríkisins skiluðu sér beint út í verðbólguna. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur skilið Seðlabankann einan eftir með það verkefni að glíma við verðbólguna og afleiðingarnar eru stýrivextir sem hafa ekki verið hærri síðan 2010.

Og hallinn eykur vandann

Stjórn ríkisfjármála ríkisstjórnarinnar er fullkomlega á skjön við stefnu Sjálfstæðisflokksins um ábyrga stjórn ríkisfjármála. Það sást einna skýrast á því að þegar ríkisstjórnin kynnti fjárlagafrumvarp sitt var hallinn tæplega 90 milljarðar. Lokaniðurstaðan varð hins vegar 119 milljarða halli. Seðlabankastjóri sagði þá að hann hefði þungar áhyggjur af útgjaldaaukningunni og að hún gerði verk Seðlabankans erfiðara. Aukin ríkisútgjöld á þessum tíma hafa neikvæð áhrif á verðbólguna og hægja á því ferli að ætla að ná henni niður.

> Verðbólguhækkun í byrjun árs 2023 er ekki óvænt óveður. Hún er einfaldlega í boði stjórnvalda. Krónutöluhækkanir gjalda ríkisins skiluðu sér beint út í verðbólguna.

Ráðherrar í ríkisstjórninni tala gjarnan um að skuldir ríkissjóðs séu ekki svo miklar hér á landi í alþjóðlegu samhengi. Vandamálið hér á landi birtist þó í því að vaxtakostnaður hins opinbera er mun alvarlegri en skuldahlutfallið. Það er reyndar veruleiki sem íslensk heimili þekkja vel. Vextir á Íslandi er langtum hærri en í nágrannaríkjunum, þrátt fyrir að verðbólgan sé svipuð. Vaxtagjöld eru orðin einn af allra stærstu útgjaldaliðum ríkissjóðs.

Það þarf að taka á verðbólgunni, þó við verðum víst að þola vetrarhörkurnar. Það er ekki hægt að láta fjölskyldurnar í landinu endalaust taka á sig auknar byrðar vegna hækkandi útgjalda fyrir matarkörfuna. Heimilin í landinu þurfa á því að halda að ríkisstjórnin hlusti á rauðu viðvörunina og bregðist við henni. ■

Með togara í hjónarúminu

Jódís Skúladóttir
þingmaður Vinstri grænna

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur frá upphafi lagt ríka áherslu á ábyrga umgengni um auðlindir hafsins, gert fortakslausa kröfu um sjálfbæra nýtingu og bent á mikilvægi grunnrannsókna og fræðilegrar þekkingar í því sambandi.

Nú fer stjórnmálafólk úr öðrum flokki mikinn og lýsir yfir fullnaðarsigri stórútgerðarinnar og talað er um togara í hjónarúmum vegna breytinga á lögum um aflvísa skipa og að smábátasjómenn séu komnir á höggstokkinn vegna bráðabirgðatillagna starfshóps sem ætlað er að skapa sátt um greinina.

Stjórnmál samtímans krefjast samráðs, úrlausnarefnin eru fleiri og flóknari en nokkru sinni áður. Tillögurnar sem sagðar eru leggja smábátasjómenn á höggstokkinn eru nú í samráðsgátt stjórnvalda. Þar eru þær birtar í þágu lýðræðislegrar aðkomu almennings og hagaðila, t.a.m. smábátasjómanna og hefur áður óþekktur metnaður verið lagður í samráð við þetta verkefni. Tillögurnar fara síðan til umræðu í samráðsnefnd um sjávarútveg. Í kjölfarið verður unnið úr athugasemdum og endanlegar tillögur kynntar í vor. Endanlegar tillögur fara svo aftur í samráð. Með þessu vill ráðherra tryggja réttláta og lýðræðislega aðkomu vegna þess langvarandi ósættis sem ríkt hefur um sjávarútveg.

Tillögurnar eru sextíu talsins og eru meðal annars lagðar fram til að skapa umræðu og kalla fram viðbrögð í samfélaginu, bæði á Alþingi, hjá hagsmunaaðilum og sem víðast. Þetta kemur okkur öllum við, enda undirstöðuatvinnugrein.

Því miður leiðist umræðan um þennan veigamikla málaflokk oft út í pólitíska útúrsnúninga og fyrirsagnir. „Leiðinlega svarið“ við fullyrðingunni um togara í hjónarúminu er því miður sú að með brottfellingu aflvísa úr 5. gr. laga um fiskveiðilandhelgi Íslands verður eingöngu horft til lengdartakmarkana á því hvar skip mega veiða. Lagabreytingin gefur útgerðum þar með kost á því að nýta sparneytnari vélar og draga þar með úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, sem einmitt er hluti af boðuðum breytingum VG í málaflokknum. Þetta á aðeins við um skip sem mega veiða innan 12 mílna lögsögunnar þegar horft er til lengdar þeirra.

Skip stærri en 29 metrar mega því hér eftir sem hingað til ekki veiða innan lögsögunnar nema í undantekningartilfellum sem þá þegar eru í lögum og varða skip að 42 metrum að lengd.

Að lokum vill höfundur vísa til þess að strandveiðar á árinu 2022 voru þær farsælustu fyrir land og þjóð frá upphafi veiðanna. ■

Stuðningur við börn sem verða fyrir eða beita ofbeldi

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir
þingmaður Framsóknar

Í haust bárust fréttir af ofbeldi og einelti meðal barna, því miður er ekki um einsdæmi að ræða, það eru til börn sem beita ofbeldi og þá eru börn sem verða fyrir ofbeldi. Um er að ræða samfélagslegt mein sem mikilvægt er að uppræta með öllum tiltækum ráðum. Ekki eru vísbendingar um að börn sem beita ofbeldi í barnæsku verði ofbeldisfull þegar þau verða eldri. Þörf er á að grípa inn í ofbeldi barna ásamt því að leita allra leiða til þess að stöðva ofbeldi í samfélaginu á öllum stigum.

Aukin áhersla á að leysa vanda

Lengi hefur aðaláherslan verið á að veita þeim sem verður fyrir ofbeldi aðstoð. Það er vissulega nauðsynlegt enda er það gríðarlegt áfall að verða fyrir ofbeldi. Þá er það engu að síður mikilvægt að veita viðeigandi fræðslu og stuðning til þeirra sem beita ofbeldi. Þeir sem beita ofbeldi eiga oft og tíðum við einhvern vanda að stríða og því er mikilvægt að þeir einstaklingar fái rétta leiðsögn og stuðning út í lífið. Með öðrum orðum, það er jafn mikilvægt að aðstoða þá sem beita ofbeldi og þá sem verða fyrir ofbeldi.

Samningur við VERU

Ofbeldi barna er enn aðeins lítill hluti mála sem skila sér til lögreglu og barnaverndar. Því miður hefur allt of lengi verið litið á ofbeldi barna sem vandamál sem hægt er að leysa heima fyrir en sem betur fer eru tímarnir að breytast. Fyrir áramót undirritaði Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, samning til styrktar VERU, úrræðis Foreldrahúss fyrir börn í áhættuhegðun. Samningurinn snýr að stuðningi við börn sem eru þolendur ofbeldis eða sem beita ofbeldi. VERA er heildstætt langtíma meðferðarúrræði fyrir unglinga í fikti og neyslu sem rekin eru af Vímulausri æsku, en samtökin stofnuðu Foreldrahús árið 1999 og kjarnastarfsemi þess er ráðgjöf, meðferð og fræðsla. Í Foreldrahúsi er starfrækt fjölskylduráðgjöf, foreldrahópar og foreldranámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglinga og stuðningsmeðferð fyrir ungmenni í vímuefnavanda.

Mikilvægi forvarna

Þessi samningur sem gerður var við VERU er stórt og mikilvægt skref í áttinni að því að bæta líðan barnanna okkar. Hér er um að ræða lið í aðgerðum stjórnvalda til að sporna gegn ofbeldi og sambætta þjónustu í þágu farsældar barna. Markmið stjórnvalda gegn ofbeldi er meðal annars að koma á markvissri fræðslu og forvörnum gegn hvers konar ofbeldi, einkum í skólakerfinu, á íþrótta- og æskulýðsvettvanginum, á vinnustöðum og í stafrænum heimi. En mikilvægt er að allar aðgerðir sem lúta að réttindum barna og vernd þeirra gegn ofbeldi taki sérstaklega til forvarna og fræðslu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MEKÓ
MEKO.IS

MIÐVIKUDAGUR 1. febrúar 2023

Roger Daltrey er söngvari The Who. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gamla rokkið lifir

starri@frettabladid.is

Gömlu rokkhundarnir í The Who tilkynntu fyrr í vikunni að sveitin færi í tónleikaferðlag á Bretlandseyjum í júlí en þetta er fyrsta tónleikaferðalag þeirra í sex ár. Með þeim á sviði verður strengjasveit auk þess sem gömlu brýnin í UB40 koma fram flestum tónleikanna.

Forsprakkar sveitarinnar eru engin unglömb enda var hún stofnuð í London árið 1964. Þannig verður Roger Daltrey söngvari sveitarinnar 79 ára í mars og Peter Townshend gítarleikari verður 78 ára í maí.

Lög af vinsælustu plötum sveitarinnar, Tommy og Quadrophenia, verða fyrirferðarmikil auk þess sem þeir ætla að leika nokkur lög af nýjustu plötu sinni, WHO, sem kom út árið 2019 en hún var fyrsta plata þeirra í þrettán ár.

Þeir fyrstu í 40 ár

Tónleikarnir verða bæði innandyra og utanhúss. Tónleikarnir í Edinborg verða þeir fyrstu sem Who heldur í rúmlega 40 ár og sveitin kemur fram í Derby í fyrsta sinn síðan árið 1966.

Fyrstu tónleikarnir verða í Hull 6. júlí og lokatónleikarnir verða í Brighton 23. júlí.

Miðasala hefst næsta föstudag, 3. febrúar, ef áhugasamir lesendur vilja skella sér í veisluna.

Nánari upplýsingar má finna á thewho.com. ■

MEKÓ
MEKO.IS
MENNING
Í KÓPAVOGI

Ásdís Birta er með BS-gráðu í næringarfræði og hefur mikinn áhuga á heilbrigðum lífsstíl en hún mælir hiklaust með vörulínunni frá Cure Support fyrir alla sem vilja tryggja hámarksupptöku og nýtingu næringarefnanna í líkamanum. MYND/AÐSEND

Ný vítamín framleidd með hinni byltingarkenndu liposomal-tækni

Cure Support hefur í tvo áratugi verið að þróa hin öflugustu bætiefni sem völ er á með liposomal-tækni sem tryggir hámarks nýtingu og upptöku næringarefna í líkamanum. 2

Cure Support er hollenskt fyrirtæki sem einbeitir sér að þróun og framleiðslu á hágæðabætiefnum. Fyrirtækið er með sína eigin framleiðslu þar sem helsta áherslan er á frásog bætiefna í líkama okkar. Þessi háþróaða tækni hefur verið að þróast í tvo áratugi og ekki að ástæðulausu þar sem vörur unnar með þessari tækni hafa slegið í gegn víða um heim. Aðalmarkmið Cure Support er að útbúa áhrifaríkt bætiefni sem veita þér hámarksvirkni og góða líðan með svokallaðri liposomal-tækni.

Tryggir hámarksnýtingu og upptöku næringarefna

Ásdís Birta Auðunsdóttir er með gráðu í næringarfræði og hefur kynnt sér fyrirtækið Cure Support og liposomal-tæknina afar vel en hún segir okkur hér frá hvernig tæknin virkar og hvaða kosti slík bætiefni hafa umfram önnur bætiefni.

Liposomal eru örlitlar kúlulaga loftbólur sem samanstanda af einu eða fleiri fosfólípíðum sem eru náttúruleg lípíð eða fita. Bætiefni sem unnin eru með liposomal-tækni eru umlukin tvöfaldri fituhimnu sem verndar og eykur upptöku í meltingarvegi en tæknin gerir það að verkum að bætiefnið virkar þannig hraðar og betur ásamt því að líkaminn á auðveldara með að nýta næringarefnin.

Tæknin hefur að auki þá eiginleika að verja næringarefnin fyrir til dæmis ensímum, magasýrum og öðru sem fyrirfinnst í meltingarkerfinu sem gerir það að verkum að næringarefnin skila sér betur til frumna og vefja og kemur þannig í veg fyrir að stærri skammtar af vítamínum valdi óþægindum eða truflunum í meltingarvegi.

Með slíkum hætti verður upptakan mun skilvirkari og tryggir tæknin hámarksnýtingu og upptöku næringarefnanna í líkamanum. Bætiefni sem unnin eru með liposomal-tækni henta því afar vel fyrir þá sem eiga erfitt með upptöku næringarefna af einhverjum ástæðum sem og öllum sem vilja skilvirka og góða upptöku næringarefna.

Hylkin eru unnin með einkaleyfisvarinni Aktin-tækni

Cure Support hefur framleitt magnesíum með liposomal-tækni sem er einstaklega áhrifarík leið til þess að fá daglegan skammt af þessu mikilvæga steinefni. Varan er í fljótandi formi sem gerir það að verkum að steinefnið skilar sér beint út blóðrásina og tryggir þannig hámarks upptöku. Cure Support hefur að auki þróað sérlega áhugaverða aðferð sem kallast Aktin-tækni þar sem liposomal-tæknin er notuð til þess að útbúa hylki.

Cure Support er með einkaleyfi á Aktin-aðferðinni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hylki, sem framleidd eru með Aktin-tækni þar sem liposomal-tæknin er notuð, frásogast betur samanborið við önnur sambærileg bætiefni í hylkjaformi. Cure Support hefur þróað aðferðina til fjölda ára en meginmarkmið með að nota þessa aðferð er að ná hágæða frásogi og upptöku næringarefna í líkamanum.

Magnesíum – Stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina, tanna og vöðvastarfsemi.

D3 – Stuðlar meðal annars að viðhaldi eðlilegra beina og tanna.

Q10 – tekur þátt í því að vinna orku úr fæðuefnum í grunnefnaskiptum. frumnanna. Q10 er einnig öflugt andoxunarefni.

D3-K2 – einstaklega áhrifarík blanda en saman stuðla þessi næringarefni að því að kalk frásogist úr blóðinu og skili sér til beina.

C-vítamín – Gegnir fjölda mikilvægra hlutverka í líkama okkar, meðal annars eykur það frásog járns.

> **Bætiefni sem unnin eru með liposomal-tækni eru umlukin tvöfaldri fituhimnu sem verndar og eykur upptöku í meltingarvegi.**
>
> Ásdís Birta Auðunsdóttir

Frábært vöruúrval Cure Support

Cure Support býður upp á frábært úrval af öflugum vörum sem framleiddar eru með Aktin-tækni. Vörulínan inniheldur fyrst og fremst Magnesíum sem unnið er með liposomal-tækni og fimm vörur til viðbótar þar sem unnið er með Aktin-tæknina. Aktin-vörulínan inniheldur D3-vítamín sem stuðlar meðal annars að viðhaldi eðlilegra beina og tanna. K2 + D3-vítamínblandan er einstaklega áhrifarík en samvirkni K2 og D-vítamíns er gríðarlega mikilvæg fyrir manneslíkamann en saman tryggja þessi næringarefni að kalk frásogist úr blóðinu og skili sér til beinanna þar sem það bætir beinþéttni.

Að auki býður Cure Support upp á B12-vítamín sem stuðlar meðal annars að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og er afar mikilvægt fyrir myndun rauðu blóðkornanna sem sjá um að flytja súrefni um líkama okkar, sem og C-vítamínhylki en C-vítamín gegnir fjölda mikilvægra hlutverka í líkama okkar svo sem að auka frásog járns.

Síðast en ekki síst fást Q10 hylki í vörulínu Cure Support en Q10 hefur lengi verið þekkt fyrir heilsueflandi eiginleika sína fyrir mannslíkamann en meðal annars tekur það þátt í að vinna orku úr fæðuefnum í grunnefnaskiptum frumnanna ásamt því að vera öflugt andoxunarefni.

Vörulína Cure Support inniheldur eitthvað fyrir alla:

- Vegan
- Enginn sykur
- Ekkert glúten
- Engin gerviefni
- Hraðari upptaka – Betri virkni

CURESUPPORT
IT'S ALL ABOUT ABSORPTION

BetterYou
Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð

Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ÚTSALAN ER HAFIN



ÚTSÖLUBOMBUR

50% AFSLÁTTUR

Osprey Kyte og Kestrel

36L/38L
Verð nú 16.995,-
~~Verð áður 33.990,-~~

46L/48L
Verð nú 17.995,-
~~Verð áður 35.990,-~~

30-50% AFSLÁTTUR

OSPREY

sherpa ADVENTURE GEAR

Kalpana leggings
okkar allra vinsælustu frá upphafi!

Verð nú: 6.495,-
~~Verð áður: 12.990,-~~

icebreaker
Move to natural

PeakPerformance

30-50% AFSLÁTTUR

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18, sunnudagur 12-16

Áttræður og orkumikill af D-vítamínblöndunni

Helgi Guðmundsson húsasmiður byrjaði að taka inn D-vítamín orkublöndu með burnirót frá ICEHERBS fyrir nokkrum árum. Hann segir blönduna gefa sér orku og hafa góð áhrif á sig almennt.

Helgi Guðmundsson hefur tekið D-vítamín orkublöndu frá ICEHERBS um árabil og segir áhrifin ekki hafa látið á sér standa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég byrjaði fyrst að taka þetta inn til að halda sjóninni við, en ég er fæddur og uppalinn í sveit og vandist við að borða mikið af kræki berjum sem ég held að hafi stuðlað að því að ég hef alltaf verið með góða sjón. En ég er viss um að D-vítamín orkublandan hafi líka sitt að segja við að styrkja sjónina enda er ég orðinn 82 ára gamall og ekki enn farinn að nota gleraugu," segir Helgi.

Bætt orka bætir liðina

Helgi er menntaður húsasmiður og starfaði lengi sem slíkur. „Ég var orðinn nokkuð slæmur í hnjánum á tíma enda var ég starfandi smiður, lá mikið á hnjánum í vinnunni og bólgnaði upp í þeim. Fyrir nokkrum árum kynntist ég bætiefnunum frá ICEHERBS og fannst spennandi að prófa þau. Enda er ég vanur fjallagrösum, bláberjum og krækiberjum frá jurtaríkinu úr sveitinni fyrir vestan og trúi því að það sé rétt að treysta á náttúruna. Þegar ég byrjaði að taka inn D-vítamín blönduna frá ICEHERBS fannst mér hún gera mér gott að ýmsu leyti.

Ég er núna hættur að vinna en það er þó ekki langt síðan ég var að fikta í þessu að gamni. Það eru kannski um fjögur eða fimm ár síðan ég var að leggja parket, þó þetta gamall. Ég tel mig nú nokkuð góðan og er viss um að D-vítamín orkublandan hafi haft góð áhrif á liðina en líka orkuna. Meiri orka gerir mér kleift að hreyfa mig reglulega, eða um 3-4 sinnum í viku. Þá fer ég 2-3 í viku í ræktina og geng 1-2 í viku. Það hefur hjálpað til við að minnka bólgurnar í hnjánum og bæta líðanina.

Ég finn að ég er orkumeiri almennt og þetta hefur áhrif á hvort annað, orkan og líðanin. Eftir því sem maður hreyfir sig meira þá eykst orkan. Ég hef líka haldið sjóninni, eða hún hefur alla vega ekki versnað í þessu tíu ár," segir Helgi.

Fann fyrir mun

„Ég tek D-vítamín orkublönduna allt árið um kring en inntakan er ekki svo stíf að ég taki þetta með mér í hverja helgarferð. En svona flesta daga. Ég fann þó mun á mér, eftir að hafa farið í mánaðarferð norður í land án þess að taka bætiefnið með mér. Ég er ekki frá því að ég hafi verið stirðari eftir á, en það batnaði fljótt aftur eftir að ég byrjaði að taka þetta inn aftur."

Við fáum einfaldlega ekki nóg

D-vítamín er eitt mikilvægasta vítamínið sem líkaminn þarfnast. Það hjálpar okkur að vinna kalk úr fæðunni til þess að fyrirbyggja kalkskort og hefur jákvæð áhrif á sjónheilsu á ýmsan hátt. Skortur á því getur valdið ýmsum kvillum eins og sársauka í liðum og í verstu tilfellum alvarlegum heilsufarsvandamálum. Í mörgum tilfellum þegar liðvandamál orsakast af D-vítamínskorti má snúa vandanum við með inntöku á D-vítamín bætiefni.

D-vítamín fáum við úr fæðu og úr sólarljósinu en fjöldi rannsókna sýnir fram á að nútímamaðurinn fær ekki nóg af D-vítamíni úr fæðunni. Við sem búum á norðlægum slóðum erum enn verr sett því við fáum líka of lítið af sólarljósi, hvað þá í svartasta skammdeginu. Því er lykilatriði að taka inn D-vítamín sem bætiefni til þess að tryggja nægilegt magn.

Einstök orkublanda

Orkublandan frá ICEHERBS inniheldur 2.000 einingar af D-vítamíni og hreina íslenska burnirót. Orkublandan er sniðin fyrir þá sem glíma við skammdegisslen. ICEHERBS fær mikið af góðum viðbrögðum frá neytendum um hvað varan gerir þeim gott. Flestallir finna mun á sér eftir að hafa tekið Orkublönduna daglega í 5-10 daga, og fólk vaknar mun hressara.

Hið norræna ginseng

Burnirótin er ein magnaðasta lækningajurt sem vex á Íslandi og eitt best geymda leyndarmál jurtaríkisins. Jurtin er oft kölluð hið norræna ginseng en hún er þekkt fyrir einstök áhrif sín á aukna orku, einbeitingu og úthald. Áður fyrr var hún meira að segja notuð til að auka frammistöðu hermanna. Klínískar rannsóknir sýna einnig fram á að hún hjálpar fólki að vinna gegn stressi og álagi. Burnirótin er oft notuð til að vinna gegn orkuleysi, sleni og depurð og þannig vinnur hún vel með D-vítamíninu.

Innihaldsefni sem Orkublandan frá ICEHERBS samanstendur af eru algert dúndur fyrir aukna orku, snerpu og úthald. Í hverju hylki eru 2.000 einingar af D-vítamíni sem er viðmiðunargildi fyrir efri mörk daglegrar meðalneyslu á D-vítamíni. Burnirótin í Orkublöndunni er handtínd á Íslandi, þurrkuð, verkuð og mulin. Öll bætiefni ICEHERBS eru framleidd á Blönduósi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum, heilsuvöruverslunum og í glæsilegri vefverslun iceherbs.is.

Gufubað eða líkamsrækt

Mannfólkið hefur stundað gufuböð í þúsundir ára. Gufubað getur hjálpað fólki að slaka á eftir erfiðan dag en það er líka talið geta haft fleiri heilsubætandi áhrif.

sandragudrun@frettabladid.is

Að fá fólk til að svitna hefur lengi verið notað sem meðferðarúrræði. Maya-frumbyggjar notuðu svitahof fyrir 3.000 árum og í Finnlandi hafa gufuböð verið stunduð í þúsundir ára og þau eru enn mjög vinsæl þar í landi.

Hitastigið í gufuböðum er yfirleitt á bilinu 70–100 gráður. Í hefðbundnu finnsku gufubaði er oft notuð þurrhitun, þar sem rakastigið í gufubaðinu er oft á bilinu 10–20%. Í öðrum tegundum gufubaða er rakastigið oftast hærra, til dæmis í tyrknesku gufubaði.

Heilsubætandi áhrif

Þau heilsubætandi áhrif sem oftast eru nefnd í samhengi við gufuböð eru slökun og hjartaheilsa. En þó að gufuböð séu talin geta haft heilsubætandi áhrif henta þau ekki endilega öllum.

Gufubað hækkar hitastig húðarinnar sem gerir það að verkum að við svitnum. Hjartsláttur eykst einnig samhliða því að við reynum að kæla niður líkamann. Óháð hvaða tegund gufubaða er stunduð, hvort það er eimbað með miklum raka, infrarauð gufa eða þurrari viðargufuböð, þá eru áhrifin á líkamann svipuð.

Aukinn hjartsláttur vegna hitans veldur því að æðarnar víkka og blóðstreymi eykst, á svipaðan hátt og þegar stundað er létt til miðlungserfið hreyfing, en þetta veltur auðvitað á þeim tíma sem varið er í gufubaðinu. Aukið blóðstreymi ýtir undir slökun sem hjálpar við streitulosun og minni streita

Margir Finnar stunda reglulega gufuböð. Rannsóknir sýna að þau gætu verið heilsubætandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

minnkar líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum. Gufuböð geta einnig linað verki í mjöðmum og liðum og þar af leiðandi verið hjálpleg fyrir gigtarsjúklinga.

Finnsk rannsókn

Í rannsókn sem gerð var í Finnlandi var fylgst með 2.315 karlmönnum á aldrinum 42–60 ára á tímabili sem spannaði 20 ár. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að fólk sem stundaði gufuböð var í minni hættu á að deyja úr hjartasjúkdómum. 878 þátttakendanna dóu úr hjartasjúkdómum. Þátttakendurnir voru flokkaðir í hópa út frá því hversu oft þeir fóru í gufubað. Einu sinni í viku, tvisvar til þrisvar í viku og fjórum til sjö sinnum í viku.

> **Aukinn hjartsláttur vegna hitans veldur því að æðarnar víkka og blóðstreymi eykst, á svipaðan hátt og þegar stundað er létt til miðlungserfið hreyfing.**

Eftir að hafa útilokað áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma var hægt að tengja aukna gufubaðsnotkun minni hættu á banvænum hjarta- og æðasjúkdómum. Þátttakendur sem fóru í gufubað tvisvar til þrisvar sinnum í viku voru 22 prósentum ólíklegri til deyja skyndilega vegna hjartabilunar en þeir sem fóru aðeins einu sinni í viku í gufubað. Þeir sem stunduðu gufuböð fjórum til sjö sinnum í viku voru 63 prósentum ólíklegri til að deyja skyndilega vegna hjartabilunar og 50 prósentum ólíklegri til að deyja úr hjarta- og æðasjúkdómum almennt en þeir sem stunduðu gufuböð aðeins einu sinni í viku.

Frekari rannsókna er þörf til að komast að því fyrir víst hvort raunveruleg tengsl eru á milli notkunar gufubaðs og fækkunar dauðsfalla vegna hjartasjúkdóma. Enn sem komið er eru fleiri rannsóknir sem sýna tengsl milli líkamlegrar áreynslu og hjartaheilsu svo fólk ætti ekki að skipta út líkamsrækt fyrir gufuböð.

Áhrif á Alzheimer

Í sömu rannsókn fundu finnsku vísindamennirnir tengsl milli gufubaðsnotkunar og vitglapa og Alzheimer. Þeir sem stunduðu gufuböð tvisvar til þrisvar sinnum í viku voru 22 prósentum ólíklegri til að fá vitglöp og 20 prósentum ólíklegri til að fá Alzheimer en þeir sem stunduðu ekki gufuböð. Þeir sem stunduðu gufuböð fjórum til sjö sinnum í viku voru 66 prósentum ólíklegri til að fá vitglöp og 65 prósent minni líkur á að fá Alzheimer en þeir sem fóru í gufubað einu sinni í viku. Frekari rannsókna er þó þörf til að staðfesta þessar niðurstöður.

Þó að gufubaðsnotkun í hófi virðist örugg fyrir flest fólk eru samt sumir sem þurfa að fara með gát. Sérstaklega fólk með hjartasjúkdóma og blóðþrýstingsvandamál. Ekki er ráðlegt að vera í gufubaði í meira en 20 mínútur í einu og óvant fólk ætti ekki að vera lengur inni í klefanum en í 5–10 mínútur. Einnig er mikilvægt að drekka nóg af vatni eftir að komið er út úr gufubaðinu. ■

HEIMILD: MEDICALNEWSTODAY

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Auglýsing um niðurstöðu bæjarstjórnar Árborgar.

Miðbær Selfoss - óveruleg breyting á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna óverulegrar breytingar á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Bæjarstjórn Árborgar bókaði á fundi sínum dags. 18.1.2023 eftirfarandi:

Tillaga frá 15. fundi skipulags- og byggingarnefndar, frá 16. janúar. liður 3. Miðbær Selfoss - Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Lögð er fram óveruleg breyting á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Breytingin felur í sér að íbúðarbyggð ÍB23 (íbúðasvæði) er minnkuð , og M1(miðsvæði) stækkað samsvarandi. Hluti lóðarinnar Kirkjuvegur 13, verður miðsvæði í stað íbúðabyggðar. Breytingin rýmkar fyrir nýju húsi austan við Kirkjuveg 13. Afmörkun svæða er breytt á uppdrætti. Í greinargerð aðalskipulags breytist stærð svæðanna þannig, að IB23 var 4,7ha, en verður eftir breytingu 4,6ha. M1 var 6,8ha, en verður eftir stækkun 6,9ha. Samhliða auglýsingu á aðalskipulagsbreytingu er stefnt að auglýsingu breytingartillögu á gildandi deiliskipulagi í Miðbæ Selfoss. Skipulags- og byggingarnefnd taldi að umrædd breyting væri óveruleg enda um mjög litla tilfærslu á afmörkun svæða að ræða. Nefndin samþykkti tillöguna sem óverulega breytingu á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, og mæltist til að Bæjarstjórn Árborgar samþykkti tillöguna í samræmi við 2. mgr, 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa yrði falið að senda f.h. Bæjarstjórnar Árborgar skipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun, og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Björgvin G. Sigurðsson S-lista, Arnar Freyr Ólafsson, B-lista og Bragi Bjarnason D-lista, taka til máls. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki tillöguna sem óverulega breytingu á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 í samræmi við 2. mgr, 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda f.h. Bæjarstjórnar Árborgar, skipulagsbreytinguna á Skipulagsstofnun, og auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar.
Bæjarstjórn Árborgar telur að umrædd breyting sé óveruleg enda um mjög litla tilfærslu á afmörkun svæða að ræða. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 11 atkvæðum.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Svava Rós Guðmundsdóttir, sóknarmaður íslenska landsliðsins, gekk í raðir NJ/NY Gotham í Bandaríkjunum á dögunum. Hún var búin að afþakka tilboð frá Bandaríkjunum fyrr á ferlinum en var ákveðin í að stökkva á tækifærið ef það byðist í þetta skiptið.

Svava kom við sögu í öllum leikjum Íslands á EM síðasta sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vildi prófa að spila vestanhafs

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Landsliðskonan Svava Rós Guðmundsdóttir skrifaði um helgina undir samning við NY/NJ Gotham sem leikur í NWSL-deildinni í Bandaríkjunum. Með því verður Svava fjórði Íslendingurinn til að leika í NWSL-deildinni og sér til þess að Ísland á áfram fulltrúa í deildinni eftir að Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir yfirgaf Orlando Pride á dögunum.

„Þau hafa fyrst samband fyrir jól og sögðust hafa mikinn áhuga á mér, en þau vildu bíða með þetta fram yfir nýliðavalið í NWSL-deildinni, áður en það yrði samið við mig. Ég ætlaði ekki að bíða en lét þau vita að ef þau kæmu aftur væri ég áhugasöm um að semja og þau höfðu samband bara um leið og nýliðavalinu lauk og vildu ólm semja við mig," segir Svava um aðdraganda félagsskiptanna.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem lið í Bandaríkjunum hafa sýnt Svövu áhuga.

„Það hefur áður verið áhugi frá Bandaríkjunum, sennilega þrisvar eða fjórum sinnum sem lið hafa lýst yfir áhuga sem ég hef fram að þessu neitað. Ég hef fengið samningsboð og lið sem reyndu aftur og aftur en ég neitaði því ég vildi spila lengur í Evrópu, en það er ekkert sjálfsagt að komast að í bandarísku deildinni og ég var ákveðin að skoða tilboðin vel ef þau kæmu frá Bandaríkjunum í ár."

Hún segist vera spennt að spreyta sig í bandarísku deildinni sem er með þeim sterkari í heiminum.

„Það er komin mikil spenna, þetta er öðruvísi og nýtt tækifæri. Ég er búin að vera í Skandinavíu, lengst af í Noregi og í Svíþjóð, eitt ár í Frakklandi og langaði að fara eitthvert utan Evrópu. Mér finnst bandaríska deildin mjög heillandi, hún er mjög sterk og umfangið er allt í fremstu röð. Svo eru sterkari leikmenn sem maður æfir með og spilar gegn svo að það ætti að hjálpa manni að taka framförum. Það stóð til boða að vera áfram í Noregi en ég vildi skoða hvað væri í boði og ég ákvað að það væri gott skref að fara í sterkari deild," segir Svava sem var áður búin að leita ráða hjá Gunnhildi og Dagnýju Brynjarsdóttur um lífið í bandarísku deildinni.

„Ég talaði við þær fyrir einu eða tveimur árum þegar kom fyrirspurn. Þá spurðist ég fyrir og ræddi talsvert við þær, svo að mér fannst ég vera orðin nokkuð fróð um deildina."

Þar sem Gotham vildi í fyrstu bíða með að semja við Svövu fór landsliðsframherjinn í viðræður við nokkur lið.

„Það var áhugi víða, meðal annars voru nokkur ensk lið sem höfðu samband og vildu fá mig og ég fór í einhverjar viðræður þar. Það voru lið frá Portúgal, Spáni, Englandi, Mexíkó og Bandaríkjunum sem sýndu áhuga en um leið og Gotham kom til baka kom ekkert annað til greina."

Á dögunum kom upp orðrómur um að Svava hefði fallið á læknisskoðun hjá West Ham en hún segir það ekki rétt.

„Við fórum út og þegar við komum á svæðið var samningurinn ekki eins og búið var að semja um áður en ég fór út. Það var búið að breyta samningnum um það leyti sem Gotham kom aftur inn í myndina og þá afþakkaði ég boð West Ham þótt samningurinn stæði enn til boða."

Hjá Gotham mun Svava leika undir stjórn Juan Carlos Amorós sem hún segir að hafi áður sýnt sér áhuga.

„Þjálfarinn á stóran þátt í þessu, enda hefur hann hefur reynt áður að fá mig til sín. Ég er búin að tala mikið við hann og er hrifin af því hvernig hann vill spila fótbolta og var í miklum samskiptum við hann. Ég er mjög spennt að vinna með honum enda gerði hann frábæra hluti með Houston Dash seinni hluta síðasta tímabils."

Liðið varð meistari á fyrsta tímabili sínu árið 2009 en olli vonbrigðum á síðasta ári þegar Gotham lenti í neðsta sæti deildarinnar.

„Liðið er að vinna í endurnýjun. Það er komið nýtt þjálfarateymi og fjölmargir nýir leikmenn. Það er verið að byggja upp liðið með háleit markmið sem er spennandi." ■

Svava slær á létta strengi með Sveindísi Jane fyrir leik Íslands og Frakklands.

Gunnhildur Yrsa, Dagný og Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir hafa áður leikið í NWSL-deildinni.

Sögulegu tilboði Arsenal var hafnað á gluggadeginum

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Í gær, á lokadegi félagsskiptagluggans í helstu knattspyrnudeildum Evrópu, mátti sjá fréttir af félagsskiptum leikmanna og mögulegum félagsskiptum. Þessum fréttum fylgdu oftar en ekki upplýsingar um háar fjárhæðir sem knattspyrnufélög væru að borga fyrir eða bjóða í leikmenn.

Gott dæmi um það var tilboð enska úrvalsdeildarfélagsins Chelsea í miðjumann Benfica, Enzo Fernandez, sem varð heimsmeistari með Argentínu undir lok síðasta árs. Tilboð Chelsea hljóðaði upp á 105 milljónir punda, því sem jafngildir rúmum 18 milljörðum íslenskra króna.

Það tilboð er hvergi nærri settu heimsmeti í karlaboltanum hvað kaupverð á leikmanni varðar, það met stendur í 198 milljónum punda, sem nemur rúmum 34,5 milljörðum íslenskra króna, þegar að Neymar var keyptur til Paris Saint-Germain frá Barcelona árið 2017.

Í kvennaboltanum stendur heimsmetið er varðar kaupverð á leikmanni í 400 þúsund pundum, rétt tæpum 70 milljónum íslenskra króna og var sett á síðasta ári með félagsskiptum Keira Walsh til Barcelona frá Manchester City.

Á lokadegi félagsskiptagluggans hverju sinni eru margar upplýsingar og fréttir í gangi hverju sinni og nær ómögulegt að fylgjast með öllu því sem á sér stað á leikmannamarkaðnum.

Það er ein frétt sem flaug nokkuð undir radarinn í gær og varðaði tilboð Arsenal í leikmann kvennaliðs Manchester United, Alessia Russo. Tilboð Arsenal hljóðaði upp á rúma hálfa milljón punda og hefði orðið að nýju heimsmeti í kvennaboltanum ef það hefði verið samþykkt.

Tilboðinu í Russo, sem á aðeins sex mánuði eftir af samningi sínum við Manchester United, var hins vegar hafnað. Viðræður hennar við Manchester United um nýjan samning hafa ekki borið árangur hingað til. ■

Barcelona keypti knattspyrnukonuna Keiru Walsh á metfé frá Manchester City á síðasta ári.

Arsenal vildi fá Alessiu Russo í sínar raðir frá Manchester United.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Öflugur & náttúrulegur flensubani

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Inniheldur hreint engifer & c-vítamín

Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör

ENGIN AUKAEFNI · ADDITIVE FREE · NON-GMO · 100% VEGAN

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og öllum helstu stórvörumörkuðum.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Gunnlaugsson

frá Skógum,

lést á Hrafnistu Laugarási þann 29. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 7. febrúar kl. 13.00.

Guðný Árnadóttir
Vilhjálmur Árnason
Guðmundur Heiðmar Árnason
Kristinn Karl Dulaney
Ylfa Þorsteinsdóttir
Áslaug Kjartansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ólafur Magnús Bertelsson

fv. flugumsjónarmaður,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Hafnarfirði 18. janúar. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, 3. febrúar kl. 13.00.

Bertel Ólafsson
Sigurbjörg Jódís Ólafsdóttir
Unnur Sandholt
Guðbjartur F. Guðbjartsson
og barnabörn

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Magnea Guðrún Magnúsdóttir

Stóragerði 10, Vestmannaeyjum,

lést á HSU í Vestmannaeyjum sunnudaginn 29. janúar. Útför hennar fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 9. febrúar klukkan 13.

Hannes Haraldsson
Hafdís Hannesdóttir
Haraldur Hannesson
Hafþór Hannesson
Jóhann Þór Jóhannsson
Anna Ólafsdóttir
Þorbjörg Hanna Ögmundsdóttir
og barnabörn

†

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Sæmundsson

Safamýri 71,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum 24. janúar sl.

Ingvar Kristinsson
Sólveig Guðlaugsdóttir
Sæmundur Kristinsson
Stella Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Kristbjörnsson

kafari,
Köldulind 4, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 19. janúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi, þriðjudaginn 7. febrúar kl. 13.00. Fjölskyldan þakkar starfsfólki nýrnadeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun.

Gemma Fernandez Kristbjörnsson
Þórarinn Einarsson
Sue Naidoo
Sigrún Birna Einarsdóttir
Vilhjálmur Sverrir Pétursson
Kristbjörn B. Einarsson
Margrét Sævarsdóttir
Katrín Einarsdóttir
Guðmundur Guðmundsson
Gísli Einarsson
Einar Valur, Kjartan Daníel, Adam, Sara Louisa, Ólöf Jóna, Natalía Embla, Tinna María, Sigríður Katla, Óskar Breki, Katrín, Carmen Helga, Ólafur

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Málþing um stöðu fólks í umborinni dvöl hér á landi

Í dag fer fram málþing á ensku um stöðu fólks í „umborinni dvöl“ á Íslandi í kjölfar skýrslu Rauða krossins. Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögmaður er umræðustjóri og segir að von sé á fjörlegu þingi enda hafa þessi mál verið í brennidepli að undanförnu.

benediktboas@frettabladid.is

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í tilefni af skýrslu Rauða krossins á Íslandi um stöðu fólks í umborinni dvöl á Íslandi efna Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Rauði krossinn á Íslandi til fyrirlesturs og pallborðsumræðna í dag. Fer viðburðurinn fram á ensku í stofu L-101 í Lögbergi og er ókeypis inn. Fjallað verður um erfiða stöðu fólks í umborinni dvöl, það er fólks sem hefur fengið lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd en ekki er hægt að vísa úr landi.

Fyrirlesarar eru þau Karla Isabel Johnson, verkefnastjóri Rauða krossins á Íslandi og einn skýrsluhöfunda, Jasmina Vajzovic Crnac, leiðtogi alþjóðateymis Reykjavíkurborgar, Albert Björn Lúðvígsson, fulltrúi hjá Claudia & Partners Legal Services og stundakennari við Háskóla Íslands, og Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögmaður á Rétti og stjórnarmaður í Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, en hún er einnig umræðustjóri. Brynhildur Flóvenz, stjórnarformaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, stýrir fundinum.

Niðurstöður rannsóknar Rauða krossins á Íslandi sýndu meðal annars takmarkaða möguleika einstaklinga í umborinni dvöl til þess að lifa mannsæmandi lífi. Kemur það einkum fram vegna erfiðleika við að fá úthlutaða kennitölu, erfiðleika og stundum ómöguleika við öflunar atvinnuleyfis, þess að börn sem fædd eru á Íslandi eru með óskilgreint ríkisfang, erfitt er að fullnægja grunnþörfum og margir búa við versnandi heilsufar.

Sigrún Ingibjörg segir að rædd verði lagaleg álitamál sem koma til skoðunar í tengslum við þá stöðu sem þessir einstaklingar eru í. „Til umræðu verður efni skýrslunnar sem og gagnrýni á hana. Þessi mál hafa verið í brennidepli undanfarið, meðal annars vegna fyrirliggjandi frumvarps til breytinga á útlendingalögum,“ segir hún.

Í sumum tilvikum höfðu viðmælendur í skýrslunni dvalið hér réttindalausir í yfir fimm ár en flestir þeirra sem rætt var við hafa dvalið á Íslandi í fjögur ár. Allir viðmælendur kváðust vilja leggja sitt af mörkum til samfélagsins, vinna og sjá fyrir sér og sínum og höfðu mikla löngun til að lifa eðlilegu lífi.

Í skýrslunni segir meðal annars að börn sem fæðast hér á landi hafi óviðurkenndan ríkisborgararétt. Börnin eru þannig skráð undir ríkisfangi foreldra sinna en heimaland foreldranna viðurkennir þau ekki sem ríkisborgara. Þau hafa því ekki kennivottorð eða önnur gögn til þess að sýna fram á auðkenni sitt og búa því við afar viðkvæmar aðstæður.

„Ætlunin með málþinginu er að leiða fram ólík sjónarmið, bæði um raunveruleikann eins og hann blasir við einstaklingum í þessari stöðu og fræðileg sjónarmið sem hafa þýðingu í þessu samhengi,“ segir Sigrún.

Dómsmálaráðuneytið hefur gert athugasemdir við skýrsluna í sex liðum. Eftir kynningu á helstu niðurstöðum skýrslunnar verða pallborðsumræður og tekið við spurningum úr sal. ■

Helstu niðurstöður skýrslunnar

- Einstaklingar í umborinni dvöl hafa engin lagaleg réttindi hér á landi.
- Flestir þeirra sem eru í umborinni dvöl geta ekki unnið vegna þess að þeim er ómögulegt að verða sér úti um atvinnuleyfi.
- Börn viðmælenda RKÍ sem fæðast hér á landi eru með óskilgreint ríkisfang.
- Viðmælendur RKÍ lýstu verulegum áhyggjum og mikilli andlegri og líkamlegri vanlíðan.
- Einstaklingar í umborinni dvöl á Íslandi vilja lifa mannsæmandi lífi.

Tillögur til úrbóta

- Búa þarf til lagaramma sem tekur á aðstæðum umsækjenda sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni en ekki er hægt að flytja úr landi, sem veitir þeim einhvers konar leið að löglegu dvalarleyfi hér á landi, umfram umborna dvöl.
- Einfalda aðgengi að bráðabirgðadvalarleyfi.
- Skoða sérstaklega aðstæður og ríkisfang barna sem fæðst hafa hér á landi.

Hvað er umborin dvöl?

Umborin dvöl er hugtak sem notast er við í skýrslunni yfir einstaklinga sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd en vegna sértækra aðstæðna geta íslensk stjórnvöld ekki framkvæmt brottflutning þeirra úr landi.

Aftur á móti er hugtakið umborin dvöl ekki lagaleg skilgreining á stöðu þessa hóps hér á landi. Hugtakið er notað til að vísa í hópinn og undirstrika skert réttindi þeirra og takmarkaða möguleika til að breyta stöðu sinni.

ÞETTA GERÐIST | **1. FEBRÚAR 1904**

Íslendingar fengu heimastjórn

Þennan dag árið 1904 fengu Íslendingar heimastjórn, þingræði var fest í sessi og Stjórnarráð Íslands var stofnað. Ráðherra Íslands fékk aðsetur í Reykjavík, sem varð miðstöð stjórnsýslu.

Hannes Hafstein gegndi fyrstur embætti ráðherra en hann var sýslumaður á Ísafirði og skáld. Embættinu fylgdu meiri völd og ábyrgð en nokkurri stöðu á Íslandi öldum saman. Í sérmálum Íslands tók ráðherrann við því valdi sem danska stjórnin hafði áður.

Hannes var ráðherra til ársins 1909 þegar hann varð bankastjóri Íslandsbanka. Hann varð svo ráðherra í annað sinn 1912 og gegndi embættinu til 1914.

Hannes Hafstein, ráðherra og skáld.

Með heimastjórninni hófst mikið framfaraskeið á Íslandi og var það eitt stærsta skrefið í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði. Íslandsbanki tók meðal annars til starfa og fór að veita lán til framkvæmda. Erlent fjármagn streymdi inn í landið, togaraútgerð hófst og sæsími var lagður til landsins. Hús var reist yfir landsbókasafn og drög að háskóla voru lögð fram.

Þetta ár kom einnig fyrsti bíllinn til landsins. Heimastjórnartímabilið stóð til 1. desember 1918 þegar sambandslögin gengu í gildi og Íslendingar fengu fullveldi. ■



BÍÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00

OG AFTUR KL. 22.00

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.

KVIKMYNDIR.IS

HRINGBRAUT

SJÓNVAPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Markaðurinn (e) Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós
14.00 Útsvar 2016-2017
15.20 Söngvaskáld
16.05 Nautnir norðursins
16.35 Okkar á milli
17.00 Leyndardómar húðarinnar
17.30 Andrar á flandri
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hæ Sámur
18.08 Símon
18.13 Örvar og Rebekka
18.25 Ólivía
18.36 Eldhugar Annette Kellermann - hafmeyja
18.40 Krakkafréttir
18.45 Lag dagsins
18.52 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu.
20.50 Herfileg hönnun Góð hönnun er hvarvetna í kringum okkur en það er slæm hönnun líka. Finnski hönnuðurinn og teiknarinn Kasper Strömman skoðar hér áhrif lélegrar hönnunar á daglegt líf okkar og leitar leiða til að bæta úr þar sem þess er þörf.
21.00 Kafbáturinn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Tiny Tim. Kóngur í einn dag
23.35 Parkinson - kraftaverkameðferð? Seinni hluti.
00.25 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.00 Dr. Phil
12.41 The Late Late Show
13.34 The Block
14.29 Love Island
15.17 Þær
15.52 Nýlendan
16.55 Survivor
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Block
20.10 George Clarke's Flipping Fast Arkitektinn George Clarke er mættur aftur ásamt fasteignasérfræðingunum og systkininum Scarlette og Stuart Douglas. Þau ætla að hjálpa sex pörum að gera upp fasteignir svo að verðmæti þeirra aukist sem mest.
21.00 New Amsterdam
21.50 Love Island Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.
22.35 Women of the Movement
23.25 The Late Late Show with James Corden
00.10 NCIS
00.55 NCIS. Los Angeles
01.35 The Resident
02.20 NCIS. Hawaii
03.05 Walker
03.50 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Grand Designs. Australia
09.10 Bold and the Beautiful
09.35 Race Across the World
10.35 Mr. Mayor
10.55 Masterchef USA
11.35 Um land allt
12.15 Franklin & Bash
12.55 Ísskápastríð
13.25 Einkalífið
14.00 Gulli byggir
14.35 The Cabins
15.20 Lóa Pind. Snapparar
15.55 The Heart Guy
16.50 Men in Kilts.
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 Franklin & Bash
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.20 Heimsókn
19.45 The Good Doctor
20.30 Our House
21.20 Showtrial
22.25 Unforgettable
23.05 NCIS
23.45 Grantchester
00.30 Rutherford Falls
00.55 Outlander
02.05 Euphoria
03.05 Wentworth

Stórhuga forstjóri Mílu

Fjarskiptaverkfræðingurinn Erik Figueras Torras, sem ráðinn var forstjóri Mílu í lok síðasta árs, verður gestur Markaðarins á Hringbraut í kvöld. Hans bíða umsvifamikil verkefni því franski fjárfestingasjóðurinn Ardian, sem keypti Mílu af Símanum á síðasta ári, hefur boðað umfangsmikla uppbyggingu á fjarskiptakerfum fyrirtækisins á næstu árum. Erik segist sannfærður um að Ísland geti skapað sér ótvíræða sérstöðu á svið fjarskipta í heiminum á næstu árum. ■

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
1 eldhúsáhald
5 kuldaþel
6 þvaga
8 hætta
10 skóli
11 fálm
12 tegund
13 ólmur
15 efnismagn
17 dok

LÓÐRÉTT
1 fallvaltur
2 hanga
3 stafur
4 skjólur
7 í allt
9 fyrirhuga
12 ýmist
14 albúinn
16 utan

LÁRÉTT. **1** sleif, 5 kal, 6 ós, 8 aflata, 10 ma, 11 fum, 12 sort, 13 æfur, 15 rúmmál, 17 stans.
LÓÐRÉTT. **1** skammær, 2 lafa, 3 ell, 4 fótur, 7 samtals, 9 áforma, 12 sumt, 14 fus, 16 án.

SUDOKU

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
	5		2			3	1	

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6					5	
		3			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

SKÁK

Zsinka átti leik gegn Bareev í Næstved árið 1988.

1...Bf3! 2. gxf3 Hh6 3. He1 Dxh2+ 4. Kf1 Dh3+ 5. Kg1 Dh1# 0-1.

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar. ■

PONDUS

FRODE ØVERLI

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 2. febrúar mun sérblaðið

KVIKMYNDIR MÁNAÐARINS

Í blaðinu verður farið yfir kvikmyndir sem eru frumsýndar í bíóhúsum landsins í febrúar.

Þetta blað kemur út í hverjum mánuði og er staðsett í miðju Fréttablaðsins.

Blaðið er einnig aðgengilegt á frettabladid.is.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Jón Ívar Vilhelmsson Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

Kolluna upp fyrir mömmu!

„Breytingin frá því þegar mamma var veik er að núna er miklu meiri stuðningur í boði“

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is

KRAFTUR

Sárin hafa enn ekki gróið

Góða ferð inn í gömul sár er heimilda- og þátttökuverk sem Eva Rún Snorradóttir vann um HIV-faraldurinn á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Eva Rún segir lítið hafa verið fjallað um þetta átakanlega tímabil í sögu hinsegin fólks.

Eva Rún segir umfjöllunarefnið vera átakanlegt en mikilvægt enda hefur HIV-faraldurinn lítið sem ekkert verið gerður upp í listheiminum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Eva Rún Snorradóttir vann Góða ferð inn í gömul sár þegar hún var eitt af leikskáldum Borgarleikhússins og segir hún hugmyndina hafa kviknað þegar hún sá þátt í sjónvarpsseríunni Svona fólk sem tileinkaður var HIV-faraldrinum.

„Ég held að ég hafi ekki verið ein um það að fyllast af einhverjum eldmóði. Ég held að allir hafi bara fengið marglaga sjokk. Þetta var svo magnaður þáttur og ég fékk bara rosalegt sjokk af því að hafa vitað svona lítið um þetta. Þó að ég hafi verið of lítil til að upplifa þetta, ég var bara eins árs þegar fyrsta HIV-smitið greindist á Íslandi, og þó að ég sé ekki hommi þá er þetta bara svo mikil hinsegin saga, saga okkar réttinda og okkar fólks," segir hún.

Fórstu í mikla rannsóknarvinnu á HIV-faraldrinum og þessu tímabili?

„Já, megnið af Covid-faraldrinum sat ég og las um alnæmisfaraldurinn. Þetta voru rosalega skrýtnir tímar. Að fara í fyrsta skipti í heimsókn til HIV Ísland í þeirra húsnæði með grímu á hápunkti Covid var rosalega einkennilegt."

Þaggað niður

Eva Rún segir margt hafa komið sér á óvart þegar hún kynnti sér HIV-faraldurinn á Íslandi og þá einna helst hversu mikil áhrif hann hafði á allt samfélagið.

„Maður vissi að það hefðu verið fordómar, maður vissi að þessir menn hefðu staðið einir en stærðin á því öllu kom mér svo ótrúlega mikið á óvart. Hvernig var að vera heilbrigðisstarfsmaður á þessum tímum, ég hafði ekki sett mig inn í þá sögu og afleiðingarnar af faraldrinum. Það var bara í raun mjög skammarlegt hvað ég vissi lítið en það er ekki bara mitt heldur hefur bara ótrúlega lítið verið talað um þetta. Það er bæði líklega vegna þess að sárin eru enn þá svo stór og hafa enn ekki gróið en það helst náttúrlega í hendur við að það hefur ekkert verið fjallað um þetta, það hefur aldrei komið nein afsökunarbeiðni frá yfirvöldum og það er bara pínu þaggað niður," segir hún.

Eva Rún bætir því við að HIV-faraldurinn hafi verið mikið áfall fyrir samfélagið, en hafi þó ekki verið meðhöndlaður sem slíkt auk þess sem HIV er enn til staðar og fordómarnir sömuleiðis.

Flókið og margradda verk

Á ferli sínum sem sviðslistakona hefur Eva Rún sérhæft sig í þátttökuverkum, meðal annars með sviðslistahópunum Kviss Búmm Bang og 16 elskendum. Að sögn Evu sver Góða ferð inn í gömul sár sig í ætt við verk þessara hópa en það er tvískipt og samanstendur annars vegar af hljóðverki sem áhorfendur hlusta á í einrúmi og hins vegar af samverustund sem áhorfendur mæta á í Borgarleikhúsinu.

„Þetta er svo gígantískt efni að það er ekki hægt að afgreiða það með einhverju einföldu, einróma verki. Þetta er svolítið flókið, krefjandi og margradda. Fólk fær fyrsta hlutann sendan heim til sín með tölvupósti og mjög skýrar leiðbeiningar og hlustar í öruggu rými á heimildapartinn af þessu, sem er klukkutíma langt hljóðverk. Það eiga allir áhorfendur að hlusta á sama tíma og svo á fólk að mæta niður í Borgarleikhús klukkan 8. Þar verður stund þar sem fólk úr hinseginsenunni er búið að taka yfir Nýja sviðið," segir hún.

Eva Rún bætir því við að þátttaka áhorfanda sé ekki krefjandi, heldur sé þetta upplifunarverk. Góða ferð inn í gömul sár sameinar þannig margar ólíkar tilfinningar og upplifanir um sögu HIV-faraldursins og sögu hinsegin fólks á Íslandi.

„Þetta er samvera og það er mikil gleði og partí en frá því að ég fór að vinna verkið hefur komið bakslag í réttindum samkynhneigða. Þannig að við erum ekki bara að fagna heldur er margt sem þarf að skoða. Þetta er ekki bara gleðipartí en er það samt líka. Við fögnum þeim sem koma á verkið, áhorfendur eru okkar fólk þannig að við erum þarna saman að heiðra lífið," segir Eva Rún.

Ekki hrifin af léttmeti

Tók það á þig tilfinningalega að vinna verkið?

„Já, það tók á mig. Að sökkva sér niður í þetta efni er bara mjög átakanlegt. Það þarf að fara mjög varfærnislega að því og það tekur á alla sem upplifðu þessa tíma að tala um þá. Það er alveg sama hversu náinn aðstandandi, hversu mikið viðkomandi var í baráttunni eða hvort hann var hjúkrunarfræðingur, það eiga allir erfitt með að tala um þessa tíma."

Eva ræddi meðal annars við einstaklinga með HIV sem lifðu af faraldurinn. Hún segir umfjöllunarefnið vera átakanlegt en mikilvægt enda hefur HIV-faraldurinn lítið sem ekkert verið gerður upp í listheiminum hér á landi og þörfin sé mikil.

„Það dóu margir hlutfallslega á þessum tíma. Þetta var rosa högg fyrir alla og allt í kringum þetta var mjög átakanlegt. Viðbragðsleysið og einangrunin. Þetta er ekki beint léttmeti en ég er heldur ekki hrifin af léttmeti. Það sem var áhugavert er að það var svo mikil tenging, svo mikil fegurð og svo mikill styrkur í þessum sögum. Þannig að þetta er ekki bara sorg," segir Eva Rún og bætir því við að hún sé þakklát öllu fólkinu sem kom að verkinu, viðmælendum og þátttakendum í Borgarleikhúsinu.

Góða ferð inn í gömul sár er frumsýnt í Borgarleikhúsinu 4. febrúar og verður verkið aðeins sýnt fjórum sinnum. ■

> Megnið af Covid-faraldrinum sat ég og las um alnæmisfaraldurinn. Þetta voru rosalega skrýtnir tímar.

Drottning fiðlunnar og skylmingameistarinn

TÓNLIST

Anne-Sophie Mutter ásamt Mutter Virtuosi
Verk eftir Vivaldi, Bologne og Chin
Eldborg í Hörpu
föstudaginn 27. janúar

Jónas Sen

Gamli Niccolo Paganini var svo snjall fiðluleikari að fólk hélt að hann væri í slagtogi við djöfulinn. Auðvelt væri að trúa því sama upp á Anne-Sophie Mutter. Hún er stundum kölluð drottning fiðlunnar. Og ekki að undra; á tónleikunum í Eldborg á föstudagskvöldið hafði hún fiðluna fullkomlega á valdi sínu. Hún lék sér að erfiðustu heljarstökkum eftir strengjunum eins og ekkert væri.

Prestur og skylmingameistari voru meðal tónskáldanna á efnisskránni. Auk þess að vera fiðlusnillingur og tónskáld hlaut Antonio Vivaldi prestsvígslu þegar hann var tuttugu og fimm ára, og Joseph Bologne var líka afar fær skylmingamaður og starfaði um tíma sem konunglegur lífvörður. Sá síðarnefndi er sérstaklega áhugaverður, því í dag vita fæstir hver hann var. Það breytist væntanlega í vor, því þá kemur út kvikmynd um ævi hans.

Undraverðir hæfileikar

Bologne, einnig kallaður Chevalier (riddari) de Saint-Georges, var samtímamaður Mozarts. Hann fæddist á eyjunni Guadeloupe, sonur hvíts plantekrueiganda og afrísks þræls. Hann sýndi fljótlega undraverða hæfileika, og er hann óx úr grasi sló hann í gegn í tónlistarheiminum í Evrópu, ekki síst fyrir framandi útlitið og leikni hans í skylmingum. Á endanum var hann sæmdur riddaratign.

Á tónleikunum lék Mutter eftir hann fiðlukonsert í A-dúr op. 5 nr. 2 og með henni spilaði hljómsveitin Mutter Virtuosi. Flutningurinn var frábær. Tónlistin sjálf var skemmtileg, ekki ósvipuð Mozart, en með talsvert tilþrifameiri einleiksrödd. Túlkunin var sannfærandi, flæðið í leiknum var óheft og grípandi, stígandin spennuþrungin. Sjarmerandi heiðríkja sveif yfir verkinu, það var fullt af bjartsýni og dirfsku. Vonandi fær maður að heyra miklu meira eftir Bologne er fram líða stundir.

Þýska fiðlustjarnan Anne-Sophie Mutter kom fram á tónleikum ásamt hljómsveitinni Mutter Virtuosi í Eldborg í Hörpu síðasta föstudag. MYND/MUMMI

Kadensan ein eftir

Allt öðru vísi var Gran Cadenza eftir suður-kóreska tónskáldið Unsuk Chin (f. 1961). Kadensa er einleiksþáttur í lok fyrsta og stundum síðasta kafla í konsert, upphaflega hugsaður fyrir einleikara svo hann geti virkilega sýnt snilli sína. Manni dettur í hug píanóleikarinn Liberace, sem spilaði fyrsta píanókonsertinn eftir Tsjajkovskí á fimm mínútum (hann tekur um 40 mínútur) með því „að sníða burt þetta leiðinlega". Svipað var uppi á teningnum hér, það var búið að „hreinsa" allt annað, og bara kadensan, með alls konar flugeldasýningum, var ein eftir.

Og hvílíkar flugeldasýningar! Tónmálið var ómstrítt og áleitið, manísk þráhyggja; eins og örvæntingarfull leit að einhverju sem ómögulegt var að skilgreina. Mutter lék verkið ásamt Samuel Nebyu og gerði það afskaplega vel. Samspilið var hárnákvæmt og allar brjálæðislegu tónahendingarnar og stefin voru fullkomlega af hendi leyst. Þetta var frábært.

Öfgafull túlkun

Vivaldi átti restina af efnisskránni, annars vegar konsert fyrir fjórar fiðlur í h-moll op. 3 nr. 10 og hins vegar Árstíðirnar, þar sem Mutter lék einleikinn. Fyrri tónsmíðin var glæsilega flutt, en það var hin síðarnefnda sem gerði allt vitlaust í salnum.

Túlkunin var óvanalega öfgafull. Hraðinn var ofsalegur, en var fleygaður með innhverfum hugleiðingum þar sem tíminn stóð kyrr. Árstíðirnar eru gjarnan spilaðar af meiri formfestu, en hér var túlkunin gríðarlega ástríðuþrungin, nánast eins og um rómantískt verk væri að ræða. Tónlistin sjálf er þó mjög tilþrifamikil og segja má því að hún bjóði upp á svona meðhöndlun. Hún líka svínvirkaði og fagnaðarlætin í lokin, þar sem allt ætlaði um koll að keyra, voru fyllilega verðskulduð. ■

NIÐURSTAÐA: Stórkostlegir tónleikar.

Viðbrennt lasagna og sviðin jörð

LEIKHÚS

Ex
eftir Marius von Mayenburg
Þýðing: Bjarni Jónsson
Leikstjóri: Benedict Andrews
Leikarar: Nína Dögg Filippusdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Sesselja Katrín Árnadóttir
Leikmynd og búningar: Nina Wetzel
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson
Tónlist: Gísli Galdur Þorgeirsson
Hljóðhönnun: Gísli Galdur Þorgeirsson og Aron Þór Arnarsson

Sigríður Jónsdóttir

Nína Dögg Filippusdóttir og Gísli Örn Garðarsson leika hjónin Daníel og Sylvíu sem fá óvænta heimsókn frá Fransisku leikinni af Kristínu Þóru Haraldsdóttur.
MYND/JORRI

Ex, annar hluti þríleiksins eftir Marius von Mayenburg, ratar nú á Stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu ríflega mánuði eftir frumsýningu fyrsta hluta. Leikhús Reykjavíkur og víða bjóða upp á sviðslistahlaðborð um þessar mundir. En í frumsýningarveislu síðastliðinna vikna geymdi Þjóðleikhúsið besta réttinn þar til síðast.

Sama stofan, sami sófinn, þrjár nýjar manneskjur. Við erum stödd á borgaralegu heimili hjónanna Daníels og Sylvíu sem njóta þess að grafa undan hvort öðru og sviðsetja valdabaráttu með öráreiti. Óvænt heimsókn setur hjónaband þeirra undir smásjána. Persónurnar spóla svolítið í sama hjólfarinu en afhjúpunin ristir djúpt. Leiktextinn er afar snjall, samræður fara í spírölum kringum umræðuefnið, taka óvænta sveiga og svo allt í einu smellhittir setning beint í mark. Slíkan texta geta fáir ráðið við, hvað þá í tvo klukkutíma samfleytt, en leikhópur Ex er í úrvalsgæðaflokki.

Angist miðaldra manns

Daníel kemur heim eftir venjulegan vinnudag, uppgefinn og vill helst láta sjá um sig, elda fyrir sig og þjónusta. Gísli Örn tekur sér tíma til að ganga inn í hlutverkið en nær svo heljartaki. Hann hlustar vel en er samtímis fjarlægur. Hápunkturinn er tilvistarkreppueinræða Daníels, angist hins miðaldra manns, sem er þjakaður af lamandi fortíðarþrá um samband sem átti sér líklega enga framtíð. Eins og hann sé fórnarlamb aðstæðna eða samfélagsins en ekki fullorðinn maður með ábyrgð og val. Ástin er auðveld þegar skuldbindingarnar eru engar. Samband tekur þrjú ár að verða raunverulegt, á meðan er það rómantísk gamanmynd, til að umorða brandara úr franskri sjónvarpsþáttaröð.

Fáir eru betri en Kristín Þóra Haraldsdóttir þegar kemur að því að leika konur sem eru vonsviknar, sífellt leitandi að hinu fullkomna lífi sem í þeirra huga er ekki bundið við starfsferil eða stétt heldur ást. Á einhverjum tímapunkti staðnaði Fransiska í lífinu og þroska sem Kristín Þóra kemur til skila með saklausu augnatilliti og almennu skilningsleysi, sem er bráðfyndið og harmrænt. Augnablikið þegar raunveruleikinn rennur upp fyrir Fransisku er átakanlegt, gert í þunnu hljóði, eins og allt loft leki úr henni.

> Nína Dögg, Gísli Örn og Kristín Þóra grípa leikverk Meyenburg með báðum höndum, smjatta á textanum og snúa áhorfendur niður með aðstoð frábærrar leikstjórnar.

Sviðin jörð

Af og til koma hlutverk til leikara á hárréttum tíma, eins og þau séu sköpuð fyrir þeirra hæfileika. Nína Dögg Filippusdóttir fékk Sylvíu og átti líklega eitt besta kvöld ævi sinnar á leiksviði þetta frumsýningarkvöld. Sylvía er kona sem veit nákvæmlega hvað hún vill og tekur það sem hún telur sér ætlað. Nína Dögg er köld og funheit til skiptis, klámfengin og settleg, nístandi fyndin og tragísk. Stundum gustaði hreinlega af henni og nánast nauðsynlegt að ríghalda í sætin til að fjúka ekki út úr salnum. Slíkur var krafturinn, áhrifin og berskjöldunin. Lokaræða Sylvíu er nákvæmlega eins og persónan lýsir sjálf, slátrun. Eftir stóð sviðin jörð.

Listræna teymið er hið sama og í fyrri sýningunni, saman sett af fagfólki sem skilur að leikrit á borð við Ex þarf ekki skraut heldur listrænan og lágstemmdan stuðning. Leikmynd Ninu Wetzel og búningar standa fyrir sínu, silki tekst á við illa sniðinn útsölufatnað. Tónlist Gísla Galdurs kraumar undir yfirborðinu eins og fljótandi hraun sem þrýstist upp á yfirborðið, hljóðmyndin sem hann vinnur með Aroni Þór hefur sömu áhrif. Lýsing Björns Bergsteins leiftrar í takt við framvinduna og síðasti rammi Ex er listaverk.

Baneitrað og bráðfyndið

Benedict Andrews nálgast Ex með sömu aðferðum og Ellen B. Hann leyfir textanum að njóta sín og setur fókusinn á persónur leikverksins en finnur rétt augnablik til að brjóta upp stofudramað, splundra fjórða veggnum og minna áhorfendur hressilega á að þeir eru staddir í leikhúsi. Augnablikið þegar Nína birtist úti í sal undir lok leiks er einstaklega vel útfært, áhorfendur vita ekki hversu lengi hún hefur verið að hlusta á eiginmann sinn argast út í ímyndað óréttlæti heimsins. Sömuleiðis eru atriðin með Betu, dóttur hjónanna, áferðarfögur og áhrifamikil áminning um bæði sakleysi barna og ábyrgð foreldra.

Ex er svo sannarlega ekki rómantísk gamanmynd eða frönsk kvikmynd þar sem konurnar taka að lokum höndum saman, segja feðraveldinu stríði á hendur og kvöldstundin leysist upp í lesbíska orgíu, eins og ein persónan segir. Hér er á ferðinni baneitruð og bráðfyndin aðför að menntuðu millistéttinni, miðaldrakrísu og fortíðarþrá. Nína Dögg, Gísli Örn og Kristín Þóra grípa leikverk Meyenburg með báðum höndum, smjatta á textanum og snúa áhorfendur niður með aðstoð frábærrar leikstjórnar. ■

NIÐURSTAÐA: Ekki missa af. Kaupið miða. Strax.

Málþing um Leiklistarskóla SÁL í Landsbókasafni

tsh@frettabladid.is

Næstkomandi fimmtudag, 2. febrúar, fer fram málþing um Leiklistarskóla SÁL í Landsbókasafni Íslands undir yfirskriftinni Kyndilberar á kyndilmessu – Samtal um sögu og tilurð Leiklistarskóla SÁL.

Um þessar mundir er því fagnað að 50 ár eru liðin frá því að Leiklistarskóli SÁL hóf göngu sína en skólinn var settur á stofn í kjölfar þess að samtök áhugafólks um leiklistarnám (SÁL) voru stofnuð til þess að þrýsta á ríkisvaldið að stofna leiklistarskóla. Leiklistarskóli SÁL var rekinn af nemendum sem stunduðu nám við skólann og þótti merkilegt framtak á sínum tíma. Skólinn var starfræktur í þrjú ár, frá 1972 til 1975, og var lagður niður þegar Leiklistarskóli Íslands var stofnaður 1975.

> Leiklistarskóli SÁL var rekinn af nemendum sem stunduðu nám við skólann og var starfræktur í þrjú ár, frá 1972 til 1975.

SÁL skólinn var stofnaður 1972 og starfræktur til 1975 þegar Leiklistarskóli Íslands var stofnaður. Myndin hér var tekin í tilefni jarðarfarar Sálar.
MYND/JÓN HÓLM

Tímamótanna hefur verið minnst með margvíslegum hætti og síðasta haust var til að mynda opnuð sýning í Landsbókasafni Íslands sem samanstendur af ýmsum gögnum og munum frá sögu SÁL. Sýningin var opnuð í október 2022 og hefur verið framlengd til 26. mars 2023.

Málþingið fer fram fimmtudaginn 2. febrúar á milli 16.00 og 18.00 í Landsbókasafni/Þjóðarbókhlöðu. Fundarstjóri er Lísa Pálsdóttir, leikari og dagskrárgerðarmaður, en meðal þeirra sem koma fram eru Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, Viðar Eggertsson, leikari og fyrrverandi leikhússtjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri og ráðherra, og Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir, aðjúnkt emeritus við Háskóla Íslands. Öllum er boðið að koma, hlusta og njóta en að lokinni dagskrá verður móttaka í Þjóðarbókhlöðu. ■

Sigga Vigga á færibandinu þokast nær

Fiskverkakonan Sigga Vigga hlýtur með réttu að geta talist fyrsta íslenska myndasöguhetjan en hún kom víða við sem slík í dagblöðum á síðustu öld. Fimm bækur Gísla J. Ástþórssonar um hana hafa lengi verið ófáanlegar en afkomendur hans vinna nú að veglegri endurútgáfu þeirra í tilefni þess að Gísli hefði orðið 100 ára í apríl.

toti@frettabladid.is

Gísli J. Ástþórsson var framsækinn blaðamaður, ritstjóri, rithöfundur og teiknari en myndasögur hans um ævintýri Siggu Viggu teljast til fyrstu kynslóðar íslenskra myndasagna og er fyrsta bók seríunnar jafnframt talin fyrsta útgefna íslenska myndasögusafnið.

„Hún birtist fyrst í Alþýðublaðinu 1959 og var svona nokkurn veginn fullsköpuð í lok þess árs," segir Ástþór Gíslason, sjávarlíffræðingur og sonur Gísla J. Ástþórssonar, höfundar hinna rómuðu myndasagna um Siggu Viggu sem birtist landsmönnum fyrst reglulega á síðum Alþýðublaðsins.

„Ég held reyndar að hann hafi ekki verið þar nema fjögur eða fimm ár og hún fór síðan yfir á Morgunblaðið þegar pabbi fór þangað og svo held ég að hún hafi endað ævina á Dagblaðinu.

Sigga Vigga var sennilega fyrsta teiknimyndapersónan sem öðlaðist svona sjálfstætt líf í seríu sem birtist í mörg ár. Jafnvel áratugi held ég ef allt er talið og þótt ég segi sjálfur frá þá held ég að óhætt sé að segja að hún hafi verið einstök að því leyti að hún var spratt upp úr íslenskum veruleika eins og hann var þá. Sjómennsku, fiskvinnslu og slíku."

Bækurnar um Siggu Viggu

- Sigga Vigga og tilveran (1978)
- Fjörutíu og sjö snúðar (1979)
- Sigga Vigga og þingmaðurinn (1979)
- Sigga Vigga í steininum (1980)
- Stattu klár Sigga Vigga (1980)

Upphafið

Þann 9. maí árið 1959 birtist skopmynd í Alþýðublaðinu eftir Gísla J. Ástþórsson, blaðamann, rithöfund og teiknara. Myndin birtist í miðju þorskastríði og sýndi litla stelpuskjátu í stígvélum og með naglaspýtu; hún hafði grætt breskan flotaforingja með hrekkjum sínum.

Myndin vakti mikla athygli og birtist á síðum erlendra stórblaða, meðal annars í London Times. Í kjölfarið óx orðstír og ásmegin stúlkunnar, og fiskverkakonan knáa Sigga Vigga varð til.

100 ára afmælisútgáfa

Gísli gaf einnig út fimm myndasögubækur um Siggu Viggu sem komu út á árabilinu 1978–1980. Þær hafa lengi verið ófáanlegar en Ástþór og börnin hans, Sunna og Eldar, stefna á veglega viðhafnarútgáfu á bókunum sem þau vonast til að geta gefið út í tengslum við yfirlitssýningu um fjölbreytilegan feril Gísla sem verður opnuð í Bókasafni Kópavogs þann 16. mars.

„Hann pabbi hefði orðið 100 ára núna í apríl og af því tilefni erum við að skipuleggja sýningu á verkum hans í mars og apríl og í tengslum við það kom upp sú hugmynd að endurútgefa myndasögubækurnar. Það var svona rótin að þessu," segir Ástþór.

Fjölskylduverkefni

Auk Sunnu og Eldars kemur tengdasonur Ástþórs, Chris Petter Spilde, að útgáfunni en hann heldur utan um hönnun og umbrot þar sem áherslan er á að koma öllum höfundareinkennum Gísla til skila með því að halda í upprunalegt útlit og snið, uppsetningu og pappír.

„Það má alveg segja að þetta er svona fjölskylduprójekt sem er að hluta fjármagnað í gegnum Karolínu," heldur Ástþór áfram en fjölskyldan stefnir að hópfjármögnun útgáfunnar á Karolinafund.com. Þegar þetta birtist hafa um 50 prósent safnast þegar 33 dagar eru enn til stefnu.

Upplag útgáfunnar verður takmarkað þannig að væntanlega er rétt að benda áhugasömum á að vera ekkert að slóra við að leggja í púkkið?

„Jú, jú. Endilega. Við erum bara þakklát fyrir alla sem drífa sig í það."

Þjóðhetjan og fiskvinnslukonan Sigga Vigga hyggur á löngu tímabæra endurkomu.

Lífið er saltfiskur

Bókaflokkurinn Sigga Vigga og tilveran dregur upp mannlega, broslega og beitta mynd af íslenskum sjávarútvegi og fiskvinnslu. Sigga Vigga hefur unnið í saltfiski hjá Þorski h/f síðan hún man eftir sér, er ósérhlífin, skapgóð og dugleg þannig að hún lendir oftast í verstu verkefnunum.

Henni verður þó aldrei misdægurt en þarf grunsamlega oft að vera við jarðarför ömmu sinnar þegar landsleik ber upp á vinnudag. Bjartsýni Blíðu, bestu vinkonu Siggu Viggu, er óbilandi og hún er stöðugt á eftir kærasta sem helst þarf að eiga trillu og forskalað hús.

Ástþór útilokar ekki að líta megi á Siggu Viggu sem ein hvers konar verkalýðshetju og sem slík eigi hún mögulega erindi við samtímann. „Já, það má vel vera. Hún var náttúrlega þeim megin og hún og Blíða voru í svona eilífu stríð við forstjórann Gvend hjá Þorski h/f."

Sem eigandi Þorsks h/f var Gvendur í sífelldum kröggum, rembdist við að vera harður húsbóndi og grét á útborgunardögum. „En það var samt eitthvað gott í Gvendi líka. Hann var ekki alvondur," segir Ástþór og hlær og bætir við að auðmenn liðins tíma hafi kannski ekki verið alveg í Excel-örkinni.

Magnaðar sögur

Allar bækurnar fimm verða saman í öskju í viðhafnarútgáfunni og fjölskyldan hefur fengið Úlfhildi Dagsdóttur, bókmenntafræðing og myndasögusérfræðing, til þess að rita formála.

„Okkur fannst gott að fá hana og hún var meira en til og þetta verður allt saman í kassanum. Bækurnar fimm og svona formálahefti með," segir Ástþór. Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson, sá mikli myndasögumaður, verður auk Úlfhildar með erindi á opnun yfirlitssýningarinnar í mars en hann hefur áður haft þetta um Siggu Viggu að segja:

„Sögurnar um Siggu Viggu eru magnaðar. Ekki bara vegna þess að þær tilheyra fyrstu kynslóð íslenskra myndasagna, heldur vegna yrkisefnisins."

Ástþór segir sýninguna þó víðfeðmari en svo að þar sé lífið bara saltfiskurinn hennar Siggu Viggu.

Þar verði leitast við að gera rithöfundinum, blaðamanninum, og teiknaranum skil. „Við erum náttúrlega með ýmislegt úr búi pabba og mömmu og þegar við fórum svona að róta í hans dóti þá sá maður kannski að hann var talsvert afkastamikill. Bæði í þessum teiknimyndaseríum og rithöfundarferillinn var nokkuð langur líka." ■

Ástþór Gíslason segir viðhafnarútgáfu teiknimyndasagna föður síns hálfgert fjölskylduverkefni enda standa börnin hans, Sunna og Eldar, við færibandið ásamt honum og tengdasyninum Chris Petter Spilde. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



> Hún fór yfir á Morgunblaðið þegar pabbi fór þangað og svo held ég að hún hafi endað ævina á Dagblaðinu.
>
> Ástþór Gíslason

Gísli J. Ástþórsson kom víða við á nær hálfrar aldar blaðamannsferli.

Gísli J. Ástþórsson (1923–2012)

Gísli J. Ástþórsson fæddist í Reykjavík 5. apríl 1923 og var á sinni tíð þekktur sem blaðamaður, ritstjóri, rithöfundur, pistlahöfundur og teiknari. Hann lærði blaðamennsku i háskóla í Bandaríkjunum árin 1943–45 og var sennilega fyrsti menntaði íslenski blaðamaðurinn.

Gísli sló nýjan tón í blaðamennsku á Íslandi og lagði áherslu á fréttaflutning óháð flokkspólitík. Hann var einnig fjölhæfur listamaður og eftir hann liggja skáldsögur, smásögur, barnabók og leikrit, auk myndasögubóka um Siggu Viggu. Einnig var hann með þætti í útvarpi.

Fyrstu árin að loknu námi starfaði Gísli á Morgunblaðinu. Þaðan lágu leiðir Gísla víða, til sjós og lands. Hann stofnaði meðal annars og ritstýrði blaðinu Reykvíkingi, var ritstjóri Vikunnar og síðar Alþýðublaðsins sem undir stjórn Gísla efldist mjög undir formerkjum harðrar og óháðrar blaðamennsku sem og vandaðs umbrots.

Á Alþýðublaðsárunum birtust einnig fyrstu ádeiluteikningar Gísla, til að mynda ævintýri Siggu Viggu. Gísli sneri aftur til Morgunblaðsins árið 1973, stýrði meðal annars Sunnudagsblaðinu og hélt áfram að birta ádeilumyndir. Ber þar kannski hæst skopmyndaseríuna Þankastrik. Gísli var einkar fjölhæfur og eftir hann liggja átta bækur, skáldsögur og smásagnasöfn, fjögur leikrit, þar af þrjú sjónvarpsleikrit, pistlar, teikningar, bækurnar fimm um Siggu Viggu auk teiknimyndasafnsins Plokkfisks.

Magnaðir dansar í Chicago norðursins

Leikfélag Akureyrar frumsýndi margverðlaunaða söngleikinn Chicago um helgina og leikhús- og leikstjórinn Marta Nordal segir viðtökurnar hafa verið rosalegar og þótt hún hafi komið víða við og séð margt hafi hún aldrei upplifað aðra eins stemningu.

toti@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is

Marta Nordal, leikstjóri Chicago, segist aldrei hafa upplifað aðra eins stemningu og sveif yfir Akureyri og leikhúsinu þar um helgina þegar söngleikurinn var loksins frumsýndur fyrir norðan.

„Viðtökurnar voru rosalegar. Þetta var geðveikt, miðarnir eru bara rifnir út enda er þetta gríðarlega mikið „show“. Sýningin er ofboðslega skemmtileg og fyndin og hefur magnaða dansa og frábæra dansara og danshreyfingar og eiginlega bara allt saman.“

Marta viðurkennir að mikið spennufall hafi fylgt í kjölfar frumsýningarinnar. „Svona er leikhúsið, þetta er náttúrulega ótrúlega mikil vinna og svo allt í einu fyrirvaralaust er komið að þessu,“ segir hún og hlær.

„Þetta var rosalegt spennufall og skrítnar tilfinningar. Þannig er lífið í leikhúsinu, enda biluð vinna að baki og svo er maður bara búinn á því.“

Marta segist því eðli málsins samkvæmt gleðjast mikið yfir aðsóknninni á sýninguna. „Ég hef ekki séð svona aðsókn síðan ég byrjaði og ég hef nú verið í kringum margar sýningar en eftirvæntingin núna er rosaleg. Það þurfa bara allir að skella sé norður, á skíði, út að borða og á sýningu!“ ■

Það er heldur betur handagangur í öskjunni í villtum, trylltum stórborgarfílíng Chicago á Akureyri.

MYNDIR/LA

Það gustar af Jóhönnu Guðrúnu í öðru aðalhlutverkanna sem sjálf Catherine-Zeta Jones gerði skil í kvikmyndaútgáfunni.

Dansinn dunar í geðveikri stemningu fyrir norðan þar sem söngleikurinn fær slíkar viðtökur að leikstjórinn hefur aldrei séð annað eins.



Elsa María sprengir þrjátíu þúsund áhorfenda þakið

Miklar og mjög svo almennar vinsældir íslensku kvikmyndarinnar Villibráðarinnar urðu til þess að Elsa María Jakobsdóttir er orðin fyrsta leikstýran til þess að rjúfa 30.000 áhorfenda múrinn frá því mælingar hófust 1995.

toti@frettabladid.is

Elsa María fylgist spennt með nýjustu tölum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heildarfjöldi þeirra sem hafa séð bíómyndina Villibráðina í leikstjórn Elsu Maríu Jakobsdóttur er kominn í 32.334 eftir fjórar sýningarhelgar en í liðinni viku dró myndin 8.140 manns í kvikmyndahús.

„Ég er bara rífandi ánægð og gaman einhvern veginn að fólk skuli vera að fíla þetta og hafa jafn gaman af þessu og við erum búin að gera síðastliðin þrjú ár," segir Elsa María sem fagnar því að vera fyrsta konan sem leikstýrir íslenskri kvikmynd sem kemst yfir 30.000 áhorfenda markið.

„Síðan mælingar hófust," áréttar hún og bendir á að hún viti ekki hverjar óformlegar aðsóknartölur hinnar fádæma vinsælu Stellu í orlofi frá 1986 séu.

„Það er nú líklegt að Þórhildur Þorleifs hafi farið hærra með Stellu í orlofi," bætir Elsa María við en formlegar aðsóknarmælingar hófust 1995, fyrir 28 árum.

Stella Löve hefur enda verið frek til fjörsins fyrr og síðar þar sem hingað til hefur Guðný Halldórsdóttir komist næst því að rjúfa þakið með Stellu í framboði sem skilaði 29.496 áhorfendum í bíó 2002.

Fylgist með tölunum

„Já, já. Maður fylgist með tölunum og sérstaklega eftir helgina," segir Elsa María þegar hún er spurð hvort hún fylgist spennt með nýjustu tölum frá kvikmyndahúsunum en flest bendir til þess að Villibráðin eigi enn töluvert inni.

„Myndin er ekkert farin að dala enn þá og komin á fimmtu viku heldur hún einhvern veginn enn velli og það er mjög spennandi að sjá," segir leikstýran sem veit til þess að eitthvað sé um að fólk sé búið að sjá myndina oftar en einu sinni.

„Ég bara frétti af fólki á níræðisaldri og ellefu ára börnum að lauma sér á myndina. Ég veit af einum sem er búinn að fara þrisvar og fólki sem er búið að fara aftur til þess að læra brandarana.

Það er líka svolítið flókin flétta í gangi þannig að það getur verið gaman að sjá myndina aftur með öðrum augum þannig að maður veit ekki hversu margt af þessu er fólk sem er að drífa sig aftur."

Eitthvað fyrir alla

Elsa María viðrar síðan þá kenningu sína um að myndin höfði til jafn breiðs hóps og aðsóknartölur bera vitni vegna þess að í henni sé eitthvað fyrir alla. „Það eru sambandserjur, myndlist, rauðvín og typpabrandarar. Eitthvað fyrir alla."

Elsa María segir allt vinnsluferli myndarinnar hafa verið ótrúlega skemmtilegt. „Við erum öll búin að hafa óskaplega gaman af þessu og það er einmitt svo skemmtilegt og gaman að mæta áhorfendum í sviðuðum fíling."

Hún segist aðspurð alveg frá handritsvinnunni vissulega hafa talið sig vera með gott efni í höndunum en hafa þó ekki getað séð þessar miklu vinsældir fyrir. Hún kunni hins vegar mögulega skýringu á þessu.

> **Það er nú líklegt að Þórhildur Þorleifs hafi farið hærra með Stellu í orlofi.**

„En ég held það sé kannski þetta extra frelsi sem felst í því að vita að maður er bara að skrifa fyrir íslenska áhorfendur þannig að það er hægt að gefa sérstaklega í og vera með alls konar vísanir og brandara sem skiljast bara í okkar samhengi og er held ég alveg sérlega þakklátt í salnum.

Þetta spilast alveg rosalega vel og maður upplifir bara svo mikið þakklæti fyrir að fólki finnst þetta vera svo mikið um okkur, hér og nú. Og það er bara hægt að ganga alla leið í því." ■

Stöðugur spuni í sjö ár

toti@frettabladid.is

„Þetta er klárlega afrek, myndi ég segja, og kannski líka til marks um hversu fersk hver og ein sýning er í rauninni," segir Ólafur Ásgeirsson, listrænn stjórnandi spunahópsins Improv Ísland sem fagnar sjö ára sýningarafmæli með sinni 163. sýningu í Þjóðleikhússkjallaranum klukkan 20 í kvöld.

Ólafur bendir á að engar tvær sýningar hópsins séu eins. „Það er aldrei sama fólkið eða sama efnið og sýningin aðlagast þannig og breytist bara með tíðarandanum."

Ólafur segir hópinn síferskan og í stöðugri endurnýjun þar sem hæfileikafólk streymi þar í gegn. Fortíð, nútíð og framtíð séu þannig þema

Ólafur Ásgeirsson, listrænn stjórnandi Improv Ísland

sýningarinnar í kvöld þegar þrír hópar mætast. Þar á meðal nýliðar og fólk sem er hætt og komið í önnur og jafnvel launuð verkefni.

„Þetta er svolítið rekið á ástríðunni. Þetta er líka bara rosa góður skóli og við viljum jafnvel meina að þetta sé ákveðin menningarstofnun sem er búin að skila af sér mjög skemmtilegu fólki," segir Ólafur og nefnir sérstaklega síðasta áramótaskaup en Dóra Jóhannsdóttir, leikstjóri þess og einn höfunda, var meðal stofnenda hópsins og fyrsti listræni stjórnandi hans.

Fyrrverandi meðlimirnir sem koma fram í kvöld eru Vala Kristín Eiríksdóttir, Jóhann Kristófer Stefánsson, Oddur Júlíusson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir og Búi Bjarmar Aðalsteinsson.

Ólafur er sjálfur einn stofnmeðlima Improv Ísland og var á sviðinu á frumsýningunni í febrúar 2016. „Vonandi verður lifir þetta bara góðu lífi þá," segir Ólafur þegar hann er spurður hvort hann sjái fyrir sér önnur sjö ár en bindur jafnframt vonir við að þá verði einhver annar tekinn við stöðu listræns stjórnanda. ■

Húðvísindi náttúrunnar

NÝTT **endurnærandi White Tea**
Skin Solutions Micro-gelkrem
Virkni frá EGCG

Inniheldur yfir 6000[1] dýrmæta micro-perlur
sem fullkomna útlit húðarinnar með raka og ljóma.

Elizabeth Arden
NEW YORK

[1]Hver 50 ml krukka. © 2023 Elizabeth Arden

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Hótelþjónninn

„Má ég færa ykkur eitthvað, svo sem kampavín eða kakó?“ sagði hótelþjónninn á heimilislega hótelinu þar sem ég gisti nýverið ásamt góðum konum í París. Ég mundi vel eftir þjóninum. Fyrir fjórum árum dvaldi ég á sama hóteli ásamt vinkonu og á kvöldin færði hann okkur heitt kakó upp á herbergi. Þá vorum við himinlifandi með þjónustuna. Tilfinningin nú var önnur. Þar sem ég sat í sófanum og horfði á manninn spjalla við okkur með brosinu sínu breiða byrjaði ég að ímynda mér að hann væri kannski ekki allur þar sem hann væri séður. Til að gera söguna enn dramatískari sá ég hann orðið fyrir mér sem hótelþjóninn Norman Bates í sturtuatriðinu fræga úr hrollvekjunni Psycho.

Hvernig má það vera að upplifun mín á manninum var allt önnur nú en fyrir fjórum árum? Skyldi aftakaveður á internetinu eiga sinn þátt? Það má vart opna vefmiðla án þess að sjá dómstól götunnar draga ný nöfn fram í dagsljósið með skafrenningi af ásökunum um ósmekklegt athæfi. Með þessu er ég ekki að lýsa yfir sakleysi neins og vissulega er eðlilegt að við vitum af brotamönnum sem ganga lausir. En „ég-líka“ byltingin hefur því miður enn ekki dregið úr ofbeldi gegn konum þótt hún hafi opnað augu okkar fyrir misrétti og ofríki. Við þurfum áhrifaríkari nálganir.

Með byltingunni er ég líka orðin tortryggnari gagnvart karlmönnum og ég velti fyrir mér hvort stundum sé of langt gengið. Mig langar ekki að vera sú manneskja sem dæmir alla karlmenn fyrir fram sem níðinga. Það eru nefnilega flestir góðir, mögulega líka hótelþjónninn ... sem hefði örugglega látið vaða þarna fyrir fjórum árum síðan, þegar við vorum bara tvær en ekki fjórar, væri hann vondur. ■

Forsalan er hafin!

Ævintýraleg stórsýning byggð á einni vinsælustu barnabók síðustu ára

Draumaþjófurinn er glænýr, æsispennandi fjölskyldusöngleikur með litskrúðugum og skemmtilegum persónum. Sýningin verður frumsýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins 5. mars.

1.000 króna afsláttur í forsölu en
500 króna aukaafsláttur í dag á fyrsta degi forsölu.

Það er tilvalið að nýta tækifærið og tryggja fjölskyldunni allri, stórskostlega skemmtun á betra verði!

Miðasala | 551 1200 | midasala@leikhusid.is | leikhusid.is